

Fornleifakönnun.

Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS123-00081

Reykjavík 2000

Hringvegur í Norðurárdal

© Fornleifastofnun Íslands 2000.

Efnisyfirlit

1. kafli. Inngangur	3
2. kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar	4
3. kafli. Fyrri athuganir og skráning	6
4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Flatatunga	8
Egilsá	10
Borgargerði	13
Gulreitur (Viðivellir)	17
Krókárgerði	18
Hálfdanartungur – afréttur Akrahrepps	19
Fremrikot	21
Ytrikot	24
Silfrastaðir	29
5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar	35
6. kafli. Niðurstaða - Tillaga um aðgerðir	40
7. kafli. Heimildaskrá	44

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugað er að breyta vinarstæði Hringvegar í Norðurárdal í Skagafirði milli Kjálkavegar og Heiðarsporðs. Sex mismunandi vinarstæði hafa verið reiknuð á þessari leið, frá því að vera á mjög svipuðum slóðum og núverandi vinarstæði (leið A) og til þess að vera nær alfarið sunnanmegin í dalnum (leið F).

Sumarið 2000 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarmínjar á svæðinu. Vegna þess að vinarstæði hefur ekki verið fastákveðið var ákveðið að skrá allar fornleifar á láglendi í dalnum á milli Kjálkavegar og Heiðarsporðs svo fyrir lægi heildarmynd af fornleifum í dalnum áður en hönnun vinarstæðis kemst á lokastig. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fornleifum í Norðurárdal. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarmínjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu. Gengið var eftir fyrirhuguðum vinarstæðum og nágrenni þeirra kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir. Sædís Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu til undirbúnings vettvangsvinnu en hana gerði Orri Vésteinsson dagana 8.-11. september og 7. október 2000. Sérstakar þakkar fá heimildamenn og starfsmenn Vegagerðarinnar á Akureyri fyrir margvislega liðveislu.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarmínjar við fyrirhugað vinarstæði Snæfellsnessvegar um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: *Skýrsla um menningarmínjar við fyrirhugað vinarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breytingu á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum viðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd

umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.”

3. kafli. Fyrri athuganir og skráning.

Engir af fornleifakönnuðum 19. aldar greina frá fornleifum í Norðurárdal og þar hafði engin fornleifaskráning farið fram áður en svæðisskráning var gerð þar sumarið 2000. Engar friðlýstar minjar eru heldur í dalnum. Eina fornleifarannsóknin er á mörkum athugunarsvæðisins en 1962 rannsakaði Kristján Eldjárn kuml á Skógarnefi á Öxnadalsheiði.

Þó að lítið hafi farið fyrir fornleifaathugunum á svæðinu hefur ýmislegt verið ritað um sögu byggðar í Norðurárdal, fæst þó í prentuðum verkum. Örnefnaskrár úr dalnum, sérlagi þær sem eru eftir Margeir Jónsson, eru fullar af vangaveltum um þróun byggðarinnar. Svo vel vill til að þó að Norðurárdalur sé jaðarbyggð þar sem búskapur hefur löngum verið óstöðugur hefur dalurinn ávallt verið í alfaraleið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, en fyrir utan Öxnadalsheiðina var Hörgárdalsheiðin fjölfarin leið til forna. Af þeim sökum er víða getið um býli í dalnum í sambandi við ferðalög manna í fornritum. Í Landnámaþók er getið um Hökustaði og Þorbrandsstaði í Norðurárdal og beggja jarðanna er getið í Sturlungu og í fornbréfum frá 14. og 15. öld, Hökustaða 1394 og Þorbrandsstaða 1444. Í Ljósvetninga sögu er getið um Hálfdanartungu og þá jörð átti Guðmundur dýri 1188. Egilsár er fyrst getið í bréfi frá 1444, en ásamt með Flatatungu og Silfrastöðum hefur sú jörð án efa byggst þegar á landnámsöld. Þorbrandsstaða og Hökustaða sér ekki stað í heimildum eftir siðaskipti en á 17. öld eru í dalnum jarðirnar Ytri- og Fremrikot. Lengi hefur verið ljóst að Ytri- og Fremrikot hljóta að vera sömu bæir og Þorbrandsstaðir og Hökustaðir og er helst talið að jarðirnar hafi

lagst í eyði um skeið, hugsanlega eftir pláguna síðari 1494, kotanöfnin þá festst við eyðibólin og haldist á jörðunum eftir að þær byggðust á ný. Það bendir þá til að þær hafi legið í eyði um alllanga hríð, ef til vill heila öld eða meir. Í Sturlungu er líka talað um Skeljungsskála, sem gæti verið vísbending um býli utarlega í dalnum, sennilega þar sem nú heitir Skeljungshöfði.

Snemma hefur því verið komin byggð í allan dalinn, allt frá stórbýlunum Flatatungu og Silfrastöðum við dalsmynnið til kotbýlisins Hálfdanartungna upp undir Hörgárdalsheiði. Þar hefur verið byggð fram á 12. öld að minnsta kosti en býlið var löngu farið í eyði er jarðabókin var tekin saman 1713. Hökustaðir og Þorbrandsstaðir hafa líka verið forn býli en lögðust í eyði, sennilega á 16. öld. Fremst í dalnum áttu nokkur stórbýli í Akrahreppi hagsmuna að gæta. Miklabækarkirkja átti þar mikil ítok samkvæmt málðaga krikjunnar frá 1395. Hún átti þá hrís og nautarekstur á Öxnadalsheiði og selland þar sem heitir Krossland framan við Valagil. Þar áttu Víðivellir einnig selför, sömuleiðis áttu þeir hrís á móts við Miklabæ á Öxnadalsheiði og afmarkað land, sunnan Norðurár, þar sem kallaður er Gulreitur. Silfrastaðir munu hinsvegar hafa átt sjálft landið á Öxnadals- og Hörgárdalsheiðum – þar með talið land Hálfdanartungna. 1394 eignaðist Silfrastaðakirkja svo Hökustaði, sem seinna var farið að kalla Fremrikot. Hugsast getur að hagsmunir þessara stórbýla hafi haft áhrif á byggð fremst í dalnum, t.d. þannig að þau hafi verið látin leggjast í auðn til að nýta landið sem afrétt og fyrir selfarir. Í heimalandi Silfrastaða hafa þó á ýmsum tínum verið kotbýli. Skeljungsskáli sem áður var getið gæti hafa verið eitt af þeim, en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er getið um Bessakot sem enginn mundi þá eftir að verið hefði í byggð og Ketilsstaði sem byggðir höfðu verið úr auðn um 1670 og farið astur í eyði um 1690. Borgargerðis er fyrst getið 1686 og Krókárgerðis (Krákugerðis) í jarðabókinni frá 1713. Býli með nafnendingunni –gerði eru tíðast ekki eldri en frá 16. öld. Síðarnefnda jörðin hafði þá land Hálfdanartungna undir sig. Hálfdanartungur byggðust á ný um 1750 en voru komnar í eyði fyrir 1780. Aftur byggðust þær 1813 og hélst sú byggð til 1876. Í Krókárgerði var búið til 1898. Þá hafði Silfrastaðbóndi nýverið selt afréttinn Akrahreppi en til hans taldist land Krókárgerðis og Hálfdanartungna. Síðast fóru Ytrikot og Borgargerði í eyði um miðja 20. öld, og lagðist land Ytrikota þá undir Fremrikot en fremri hluti Borgargerðis (Selfjall) hefur Síðan fylgt Úlfsstöðum en ytri hlutinn lagðist undir Egilsá.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í Norðurárdal. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir í dalnum, fyrir utan örfáa sem eru svo hátt í fjallshlíðum að engin möguleiki er á að vegaframkvæmdir komi þar nálægt. Sú leið var valin að merkja inn á loftmyndir Vegagerðarinnar á Akureyri alla þá staði sem vitað er um, jafnvel þó þeir séu fjarri vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Upplýsingar um þá staði eru í skránni hér að neðan. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og ennfremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verði breytingar á hönnun vegarstæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SK-222:001). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni FSÍ, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í Norðurárdal.

SK-220 Flatatunga

60 hdr 1695, 1713, þar af Tungukot 10 hdr. Hólastólseign. "Hólabiskupar höfðu um langan aldur útibú í Flatatungu, og mun það hafa haldizt fram um 1650." JBS III, 34. Jörðin á hálfan Egilsdal og notast hann stundum fyrir afrétt. Hringlastaðir eyðibýli 1713, húsmannsbýli 1849. JÁM IX, 157; JBS III, 34. Sóknarkirkja var í Flatatungu á miðöldum og er til máldagi hennar frá 1318. Samkvæmt honum átti kirkjan ekkert í landi, en reka á Skaga. Þá var aðeins einn bær í sókninni, sennilega Egilsá - DI II, 462-63. Kristín Björnsdóttir keypti jörðina 20.1.1428 af Þórolfi Bjarnasyni sem sagði "til kirkv skylldar j flatatvngv ath þar ætti ath wera heimilis prestur ok livka fiorar merkr arliga ef prestvr syngvr til. sagdi ok ... þorolfur ath kirkian j flatatvngv ætti allann widreka fra hravni a skaga fyrer avstan fram vr fornv vor ok jnn ath hofsenda ok settvng vr avllvm hvalreka jnn fra fornv vor ok jnn ath horknaa ok enn tolftvng vr avllvm hvalreka vt fra fornv vor ok ath deildarhamri." - DI IV, 353

1919: Tún 8,7, garðar 220m2. 1713: "Á Egilsdal er högunum hætt við skriðum og snjóflóðum, og þar í sama máta fyrir gljúfrakletum." JÁM IX, 157

SK-220:021 Tungusel tóft beitarhús 65°25.205N 19°07.033V

"Uppi á Flatatungufjallinu, sem sumir kalla, þ.e. Fjallið upp undan bænum, og upp undan Sundinu nefnist Flói, er það stórt svæði, fram að svokölluðu Selgili, sem er uppi undan Tunguseli, þar voru

beitarhús frá Flatatungu fyrir tæpum 60 árum, og man heimildarmaður vel eftir þeim." segir í örnefnaskrá. "Flatatungusel kallast fornar selrústir neðst á Tungudal við Drangagil. Fjölmög gil eru á Tungudal, og skulu þau nú talin frá Drangagili suður eftir hlíðinni. Er þá fyrst Selgil skammt fyrir sunnan selið ..." segir þar ennfremur. Á Tunguseli er nú fjárhúsbraggi. Fast sunnan við hann er arfabreiða á smáhæð. Þar var fjárhústóft sem Einar Gunnarsson sléttæði fyrir skömmu. Lækur rennur fast vestan við þann hól og 15 m vestan við hann er aflöng tóft, í suðvestur frá bragganum.

Selið er í hvammi þar sem malarhólar ganga fram fyrir fjallshlíðina að austan og rennur lækur um hvamminn vestanverðan. Tún hafa verið ræktuð neðst í hvamminum og utan við hann. Örnefnaskráin er frá 1940, þannig að beitarhúsin hafa verið í notkun um 1880. Þau sjást ekki lengur en tóftin á vesturbakka lækjarins er aflöng frá suðri til norðurs með dyr syðst á austurlangvegg.

Tún er ræktað fast upp að norðurenda tóftarinnar. Austan við hana, nær lækjarbakkanum, er lítt hvammur og í honum skvompur sem gætu verið manngerðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flatatunga, 1-2, 3


SK-220:025

Grænatópt

tóft

stekkur

65°25.621N



"Norðan við Reitinn er Tunguselið [SK-220:021] ... Norður frá Selinu kallast brekkurnar Hlíð og er það stórt svæði. Þar fyrir norðan er Grænatópt niður við Norðurá. Ef til vill hefur þar verið gamall stekkur." segir í örnefnaskrá Flötutungu. "Grænatópt heitir sunnan og austan við Stóragrjót [syðst og austast á Bugum]. Þar eru girðingar fornar og tóptir." segir í örnefnaskrá Tungukots. Grænatóft er á lágu nefi sem gengur út á eyrar Norðurár um 1350 m austan við Kjálkaveg. Vegurinn að Egilsá liggur fast neðan við nefið.

Neðst í grónum brekkum. Á nesinu og fast ofan við skiptast á valllendi og myrrar en ofar eru lyngmóar. Neðan við eru áreyrar, grónar næst nefinu og er langt síðan að Norðurá hefur runnið meðfram suðurbakkanum á þessum slóðum. Þegar og ef hún gerir það þá er þetta nef með tóftinni í hætta. Ekkert vatnsból sjáanlegt annað en myrávatn en ekki er heldur langt í Norðurá.

Einföld, allbreið tóft með breiðum veggjum. Hún hallar talsvert frá suðurgafli að norðurenda. Dyr virðast vera nyrst á austurlangvegg og þar norðan við gengur 2 m veggstúfur til vesturs. Tóftin er á hólbungu og er stórbýfi í kring og gætu vel verið eldri byggingaleifar undir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flatatunga, 4; Ö-Tungukot, 1

SK-220:026 gata leið

65°25.317N 19°06.900V

"Austan við ... Nautalág og niður með Drangagili er Reitur. Í þessum Reit er djúp laut (utanvert við Egilsá), og markar þar fyrir fornum götum, sem legið hafa yfir lautina. Lautin er svo djúp, að ekki sést í hana fyrr en að er komið." segir í örnefnaskrá. Austan við hvamminn sem Tungusel 021 er í er brún en þar austan við taka svo Selhólar við. Uppi á þessari brún, vestan undir vestasta Selhólnum, er grasbollí og sjást óljósir götutroðningar syðst í honum sem stefna á selið.

Sjá einnig 027 og 028.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flatatunga, 4

SK-220:027 sögustaður

65°25.317N 19°06.900V

"Austan við ... Nautalág og niður með Drangagili er Reitur. Í þessum Reit er djúp laut (utanvert við Egilsá), og markar þar fyrir fornum götum, sem legið hafa yfir lautina. Lautin er svo djúp, að ekki sést í hana fyrr en að er komið. Það er sögn gamalla manna, að í laut þessari hafi Össur frá Þverá setið fyrir Þórði hreðju, og er sagt frá í sögu Þórðar ..." segir í örnefnaskrá. Austan og ofan við hvamminn sem Tungusel 021 er í, er brún en þar austan við taka svo Selhólar við. Uppi á þessari brún, vestan undir vestasta Selhólnum, er grasbollí og sjást óljósir götutroðningar syðst í honum sem stefna á selið.




Grasmói uppi á melhólum.

Sjá einnig 028.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flatatunga, 4

SK-220:028 dys legstaður



65°25.317N 19°06.900V

"Austan við ... Nautalág og niður með Drangagili er Reitur. Í þessum Reit er djúp laut (utanvert við Egilsá), og markar þar fyrir fornum götum, sem legið hafa yfir lautina. Lautin er svo djúp, að ekki sést í hana fyrr en að er komið. Það er sögn gamalla manna, að í laut þessari hafi Össur frá Þverá setið fyrir Þórði hreðju, og er sagt frá í sögu Þórðar ... Vestanvert í grasbolla þessum er þúfnaþyrping lítil, en slétt umhverfis, þar eiga dysjarnar að vera, þar sem menn þeir, er af Össuri félle, voru dysjaðir." segir í örnefnaskrá. Austan og ofan við hvamminn sem Tungusel 021 er í, er brún en þar austan við taka svo Selhólar við. Uppi á þessari brún, vestan undir vestasta Selhólnum, er grasbollí og sjást óljósir götutroðningar syðst í honum sem stefna á selið. Vestan við grasbollann er lítil flagmór og vestan við hann, þar sem hallar niður að selinu, er allstórt haugur eða tóftarbrot, sem er hin meinta dys. Grasmói uppi á melhólum.

Haugurinn er sporöskjulaga, snýr austur-vestur og er um 10 m langur og 6 m breiður. Frá austurenda hans gengur garður

til norðurs um 9 m, beygir þar til vesturs um 3 m og má greina

óglöggt um 7 m í viðbót. Uppi á hauginum er flatur pallur, um 4x3 m að stærð. Haugurinn er um 1,3 m hárr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Flatatunga, 4

SK-222 Egilsá

30 hdr. 1695, 1713. Bændaeign. 1444: "Jarðirnar Egilsá og Þorbrandsstaðir ... liggia j nordaardal j silfrastada kirkiv sokn" DI IV 649. 25.3.1448: reiknadi Besse Einarsson kirkjunne [á Silfrastöðum] Jordena Egilsä. kunne Jorden echí ad verda kirkiunnar. þa lofadí Bessi ad luka so marga peninga sem Jorden være verd half. en firnefndur Einar Þorleifson lofadí ad sækia nefnda Jord Egilzä eptir vorum laugum [Bessi kaupir Héraðsdal af Einari fyrir hálfa Silfrastaði]; DI V 25. Jörðin á hálfan Egilsdal. G 1919: Tún 3,8 ha, garðar 115. 1713: "Túnið spillist af leir og rauðskriðu, því þar er brattlendi mikið sem aurnum steypir á túnið. Engjar má nú öngvar telja, en þær sem verið hafa, er mjög so í hrjóstur komnar af aur og leirskriðum." JÁM IX, 155

SK-222:001 Egilsá bæjarhóll bústaður 65°25.274N 19°04.822V

Bærinn stóð rétt ofan við og heldur austar en núverandi íbúðarhús - þ.e. sá hluti þess sem byggður var 1936. Seinna var byggt við húsið að austan og nær viðbyggingin lengra til suðurs og mun að hluta vera yfir gamla bæjarstæðinu.

Nú er trjágarður ofan (sunnan) og vestan við íbúðarhúsið frá 1936 en sambyggð því að austan er bárujárnsklædd viðbygging úr timbri (þó með steyptri hlið fram á hlað), um 7 m breið, og þar austan við stórt steypt íbúðarhús. Hvort tveggja er talsvert niðurgrafið ofan í bæjarhólinn og er sennilega lítið eftir af mannvirkjaleifum nema ef til vill að húsabaki. Bærinn hefur staðið á mjóum hjalla í brattri brekku, allhátt yfir Norðurá. Engin merki sjást nú um bæjarhóll.

Mikill öskuhóll, kallaður Skemmuholli, var vestan undir bænum þar sem nú er trjágarður. Hann var jafnaður út þegar núverandi íbúðarhús var byggt. Neðst í honum var einkennilegt gjall sem Kristján Eldjárn taldi vera eftir rauðablástur. Á túninu aftan (ofan og sunnan) við bænni standur hálfrunið torfhús. Það var ekki skráð sérstaklega enda fyrst byggt á 20. öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:002 heimild um fjárhús 65°25.294N 19°04.776V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m ASA við bæinn. Þar mun átt við tvö sambyggð tvístæð fjárhús sem stóðu um 45 m beint austur af bænum, í sömu hæð og hann. Nú er braggi fast suðvestan við hússtæðið og steypt fjárhús þar ofan við. Hússtæðið er um 20 m austur af austurgafli

núverandi íbúðarhúsasamsteypu.

Rótað svæði í jaðri athafnasvæðis í kringum bæ. Fast austan við tún sem ekki er lengur nytjað. Grjót sést í sverðinum þar sem húsin stóðu en arfi er þar eini gróðurinn.

Til eru ljósmyndir sem sýna byggingu fjárhúsa suðaustan við bæinn á fjórða áratug 20. aldar. Þau munu hafa verið ofan við þessi hús, þar sem steyptu húsin eru nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:003 heimild um úthús 65°25.283N 19°04.821V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var úthús á hlaðinu framan (norðan) við bæinn. Það mun vera villa og hefur ekkert hús staðið á þeim stað í minni Guðmundar L. Friðfinnssonar sem fæddur er á Egilsá 1905. Samkvæmt kortinu var húsið 10 m norðan við norðausturhorn bæjarins. Sá staður er nú undir steinhúsi sem er yngri viðbót við íbúðarhús byggt 1936, eða á mörkum þess og hlaðs.

Undir byggingum og/eða hlaði

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:004 heimild um hrútakofa 65°25.274N 19°04.842V
Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús um 10 m norðvestan við norðvesturhorn bæjarins. Ekkert hús var þar laust frá bænum en hinsvegar var hrútakofi samþyggður bænum að vestanverðu. Staðurinn er undir íbúðarhúsi byggðu 1936.

Áður við bæ, nú undir byggingu. Hrútakofinn var stundum notaður sem hesthús

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:005 *Hólhúshóll* heimild um fjárhús 65°25.266N 19°04.959V
"Hólhúshóll er stór hóll beint út undan bænum, utarlega á túninu." segir í örnefnaskrá. Túnakort frá 1919 sýnir þetta hús of sunnarlega. Það var heldur norðar en beint vestur af bænum, tæpa 100 m VNV við hann, uppi á hólnum. Heimreiðin liggur sunnan við hólinn.

Stór hóll í túni, sérstakur. Hann er allhár, einkum að norðan - undan brekkunni og er þar mjög bratt niður. Uppi á hólnum er sléttur pallur, um 25×10 að stærð. Engin merki sjást um húsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Egilsá, 2; Túnakort 1919

SK-222:006 heimild um útihús 65°25.297N 19°05.042V
Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús vestast í tuninu, um 150 m VNV við bæinn. Það mun vera villa og var ekkert hús á þeim slóð og engin önnur í vesturhluta túnsins en Hólhús 005 og Stórhús 007.

Í túni. Það er allsstaðar í miklum halla og er víðast heldur dældótt - hefur að líkendum ekki verið sléttáð með jarðýtu.

Ekkert sést á þeim slóðum bar sem húsið ætti að hafa staðið sem bent gæti til bygginga.

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:007 Stórhús heimild um fjárhús 65°25.322N 19°04.967V
80-90 m norður af austurenda Hólhúshóls - og mun neðar í túninu - voru fjárhús, kölluð Stórhús. Þar er svolitill pallur í túninu með meiri blómgröðri en umhverfis.

Í túni. Það er allsstaðar í miklum halla og er víðast heldur dældótt - hefur að líkendum ekki verið sléttæð með jarðýti. Engar misjöfnur siást að öðru leysi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-222:008 heimild um lambhús 65°25.320N 19°04.886V
Á túnakorti frá 1919 er sínt útihús við austurjaðar túnsins, um 70 m norðaustur af bænum. Þar voru engin hús en hinsvegar var lambhús með samþyggið hesthusi um 85 m beint niður af bænum. Á þessum stað er smáhjalli í túninu og á honum hvompur þess líklegar að um leifar af byggingu sé að ræða.

Í túni. Það er allsstaðar í miklum halla og er víðast heldur dældótt - hefur að líkendum ekki verið slétað með jarðýtu. Á þessum stað er smáhjalli í túninu og á honum hvompur þess líklegar að um leiðar af byggingu sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Beitarhúsatóft SK-222:013 úr vestri

SK-222:011 garðlag túngarður

"Niður undan Kvíaklöpp og u.p.b. 10-20 m ofan við vallargarð voru kvíar (tóftarbrot, nú komnar í skógrækt], notaðar fram yfir aldamót." segir athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Túngarður sést fyrir suðurhlíð túnsins allri, alls um 300 m. Hann sést fyrst vestan við Hólhúshól og liggur þaðan skáhallt upp í hlíðina ofan við bæinn, upp á móts við fjárhús sem eru austustu húsin á bæjarstæðinu. Þar kemur lækjardrag niður hlíðina og þar hefur verið horn á garðinum sem nú er horfið vegna rasks. Neðar sjást um 50 m af garðinum fyrir austurhlíð túnsins syðst. Hann sést hvergi neðan við bæ og óvist að hann hafi náð um allt túnið, enda var hlutverk hans öðrum þraði að varna skriðum á túnið.

Í túnjaðri - ofan við eru grasmóar og er þar hafin trjárækt. Garður þessi er hlaðinn af Friðfinni úr sniddu. Hóf hann verkið árið 1905 og lauk því á nokkrum árum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Egilsá ath og viðb., I

SK-222:012 Stekkjarnes heimild um stekk 65°25.439N 19°04.750V

"Stekkjarnes er rétt sunnan og neðan við túnið og skagar það fram í eyrarnar. Á því eru einhverjar rústir." segir í örnefnaskrá. Stekkjarnes er um 300 m NA við bæ og skagar þar lítil jarðvegstarfa fram á eyrar Norðurár. Stærsti hluti nessins er þó brotinn af og tóftirnar þar með.

Grasi gróið nes. Um 2 m þykkur jarðvegur er ofan á eyrunum. Tún er ræktað alveg út á brún. Áin tók stærsta hluta nessins um 1980 og með því hurfu tóftirnar.

Heimildir: Ö-Egilsá, 3



SK-222:013 Beitarhúsagil tóft beitarhús

65°25.689N 19°03.230V

"Suður af Böndunum [samfellt klettabelti í hálsbrúnunum suður af Einbúa] er Beitarhúsagilshaus, einstakur klettur, og sunnan við hann er Beitarhúsagilið." segir í örnefnaskrá. "Upp af Stekkjarhöfða er Stekkjarlág, breið graslaut; eftir henni fellur Beitarhúsagilslækurinn. Utan við Stekkjarlágina er Hvítihóllinn rétt neðan við götuna. Sunnan við lækinn er hár hóll sem heitir Stekkjarhóll. Á honum eru rústir af beitarhúsum og síðar stekk sem þar var." segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við skrána segir að 30-40 mín gangur sé frá bæ að stekknum. Í athugasemdum og viðbótum við

örnefnaskrá segir: "Fyrrverandi beitarhús voru á Stekkjarhól... Þessi beitarhús hafa trúlega lagzt af við fráfall Stefáns Tómassonar læknis. Á uppboði á dánarbúi Stefáns er seldur trjáviður úr fjárhúsi, trúlega beitarhúsum. ... Stekkur hefur líklega verið reistur í tóftarbrotum húsanna á Stekkjarhól." Beitarhúsatóftin er uppi á hól, bröttum og háum að norðan, um 200 m austan við fjárhúsbragga á Hvíthól og um 140 m sunnan við bakka Norðurár.

Uppi á breiðum og grasi grónum hól. Í kringum hann eru myrar - nú að hluta framræstar. Lækur rennur fast vestan við hólinn.

Einföld aflöng tóft með dyr á norðurgaflí. Hún er grjóthlaðin og sjást 3 umför. Vestan við hana er regluleg dæld, grafin niður í hábungu hólsins og er grjót fyrir henni að norðan - þó ekki regluleg hleðsla. Gæti verið heytóft. Dyr eru líka á vestur-langvegg, um 1,5 m breiðar og gæti krón hafa verið þar vestan við í dældinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Egilsá, 3, 4; Ö-Egilsá ath og viðb, 2

SK-222:014 bjóðsaga draugur 65°25.221N 19°03.563V

"Niður við ána móti Gvendarnesi er Stekkjarhvammur, rétt sunnan við hann er hár kletthöfði fram í eyrarnar og heitir Stekkjarhöfði. Um hann er sú bjóðsaga, að á Höfðanum á að vera draugur í líki grárrar kvígu." segir í örnefnaskrá. Stekkjarhöfði gengur út á Norðuráreyrar beint neðan við fjárhúsbragga á Hvíthól, næst framan við Gvendarnes handan árinnar.

Engar mannvirkjaleifar sjást á höfðanum eða næst nágrenni hans en á honum er hvammur sem gæti verið ágætt stekkjarstæði. Höfðinn heitir eftir stekknum 013. "Eitt sinn var ég [Gísli Jónsson áður bónið á Þorljótsstöðum] ásamt fðöður mínum að slá niður á túninu á Egilsá í glaða sólskini og blíðviðri. Varð mér þá litið fram á Stekkjarhöfða, og sá ég þá greinilega gráan kálf(vetrung) á höfðanum. Bentí ég fðöður mínum á þetta, og sá hann það einnig. Sáum við kálfinn ganga niður eftir Höfðanum og hverfa þar. Vissum við þar enga von neins náttúrulegs kálfss með þessum lit." segir í örnefnaskrá


Heimildir: Ö-Egilsá, 3

SK-223 Borgargerði

12 hdr 1695, 1713 með Gullreit. Bændaeign. Selfjall hefur verið selt frá jörðinni og er nytjað frá Úlfssstöðum - JBS III, 31. Það er austurhluti jarðarinnar.

1713: "Engjanefnur, sem voru, hafa leirsíður tekið og víða grandað landinu." JÁM IX, 155. 1919: Tún 2,1 ha.

SK-223:001 Borgargerði bæjarhóll bústaður 65°26.234N 19°01.721V



Leifar torfbæjarins sjást enn fast austan við steinhúsið í Borgargerði og er aðeins mjótt sund á milli, um 1,5 m breitt. Bærinn stendur á hól uppi á nesi sem gengur út á Norðuráreyrar heldur framar en á móts við Kotagil. Uppi á hól í túni. Steinhús hefur verið byggt fast vestan við. Norðan við er stallur fram á hólbrún - eflaust gamall öskuhaugur.

Vestast er 5x4 m stórt hólf þar sem verið hefur hús með tréstafni til norðurs. Austan við það hafa verið bæjardyr - í þeim eru nú tveir olíutankar. Úr bæjardyrum hafa legið göng til suðurs og úr þeim gengið til vesturs í lítið hús,

um 3,5x2 m að stærð. Þekja og veggir fylla það nánast alveg nú. Þar aftan við hefur sennilega verið baðstofa en því svæði hefur greinilega verið raskað meira en öðrum hlutum bæjarins. Eru þar m.a. tveir olíutankar til. Austan við bæjardyr er hús sem enn er að mestu undir þaki þó grindin sé lögst á aðra hliðina. Það er 7x3,5 m að innan og hefur verið skipt í tvennt með þili. Það hús hefur eigin dyr í norður og hefur ekki verið innangengt í aðra hluta bæjarins. Austanmegin í fremra hólfinu er hlaðinn bálkur, sennilega hlóðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919



Torfbær og yngra steinhús á bæjarhól i Borgargerði SK-223:001, úr norðri.

SK-223:002 heimild um úthús

65°26.225N 19°01.712V

Samkvæmt túnakorti var úthús um 10 m sunnan við suðvesturhorn bæjarins. Þar er nú slétt flöt og sést ekkert til byggingleifa.

Í túni heima við bæ. Nú kafgras. Sbr. athugasemd við 003. Hús þetta gæti hafa staðið framan við bæinn, á hólbrúninni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

SK-223:003 heimild um úthús

65°26.255N 19°01.682V

Samkvæmt túnakorti var úthús í túninu um 40 m austur af bænum og heldur norðar. Þar er nú rennslétt tún og sér engin merki um byggingar.

Í túni - kafgras. Ekki er augljóst hvernig túnakortið snýr. Það er því ekki óhugsandi að 003 og 004 hafi verið vestan við bæinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

SK-223:004 heimild um úthús


65°26.244N 19°01.609V

Samkvæmt túnakorti var úthús í túninu um 80 m ANA af bænum , um 50 m ofar í túninu og heldur austar en 003. Þar er nú rennslétt tún og sér engin merki um byggingar.

Í túni - kafgras. Ekki er augljóst hvernig túnakortið snýr. Það er því ekki óhugsandi að 003 og 004 hafi verið vestan við bæinn.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919




SK-223:005 Húsagil tóft beitarhús

65°26.966N 18°59.009V

"Borgargerðisland takmarkast að framan af svonefndu Skriðugili. Alllangt þar fyrir utan er Húsagil, lítið klettagil skammt suður og upp af beitarhúsunum, sem standa þar út og niður við Norðurá." segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er 20 m sunnan við bakka Norðurár, á höfða eða nesi, sem gengur út á eyrarnar milli Fremri-Kota og Skriðugils.

Á lágu nesi sem gengur út á áreyrar. Yst á nesinu er valllendi í



Beitarhús SK-223:005, úr norðri



Þorbrandshaugur/Örrekshóll SK-223:007, úr norðaustri.

kringum tóftina en strax ofan við hana tekur við mjög blaut myri. Ofar og framan við Húsagil og allt fram að Gulreit er gróskumikið graslendi, votlent á köflum. Utan við Fremra-Selgil er hinsvegar lítið

sem ekkert graslendi á löngum kafla. Stór tvískipt fjárhús með hlöðu aftan við. Garðar sjást ekki í húsunum. Tóftin er grjóthlaðin og standa hleðslur enn mjög vel í hlöðunni, allt að 7 umför, en eru miklu lægri í fjárhúsunum, 1-2 umför þar sem á annaðborð sést í grjót. Hvergi sjást dyr milli fjárhúsa og hlöðu heldur er þar rammger veggur, en dyr eru vestast á suðurlangvegg hlöðunnar. Fast sunnan við tóftina eru vel grónar bungur og hvompur sem gætu verið eldri leifar sbr. 006.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1

SK-223:006 *Vik* tilgáta um býli

65°26.969N 18°58.984V

"Gömlu munnmæli herma, að eyðibylið Vik, eða Vik hafi til forna verið skammt sunnan við beitarhúsin, en litlar rústir held ég, sjáist þar." segir í örnefnaskrá. Austur frá beitarhúsunum gengur vel vallgróinn höfði um 70 m út á Norðuráreyrar. Á honum hafa verið tóftir þó ekki sjáist þær nú. Næst beitarhúsunum 005 eru hvompur og bungur sem gætu verið eldri byggingaleifar.

Kafloðinn grasmói á árbakka - myrlendi ofanvið. Bungurnar ná um 15 m austur frá beitarhúsunum og mynda hvirfingu um laut eða bolla. Samanber örnefnið Selgil, virðist sem sel hafi verið á þessum stað í eina tíð og þá ekki útlokað að býli hafi verið þar líka. Hitt er svo óvist hvort hugmyndin um býlið Vik í Norðurárdal sé raunverulega byggð á gömlum munnmælum eða hvort að um er að ræða mistulkun á málðaga Víðvallakirkju frá 1318 þar sem fram kemur að kirkjan eigi jörðina Vik - en ekki hvar hún var. Árni Bjarnason á Uppsölum kannst ekki við rústir aðrar en beitarhúsin. Guðmundur L. Friðfinnson á Egilsá telur að rústir Vikur hafi verið miklu austar, í landi Krókárgerðis, en þar á bakkanum út frá bænum sá hann tóftaleifar um 1970 og var þær þá farið að brjóta af. Engar mannvirkjaleifar sjást þar nú lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1

SK-223:007 *Þorbrandshaugur*

örnefni

legstaður


65°26.900N 18°59.029V

"Þorbrandshaugur er lítill hóll skammt út og upp af beitarhúsum; þar á Þorbrandur örrekur landnámsmaður að vera heygður; á hól þessum eru nún rústir af litlum kindakofa." segir í örnefnaskrá. Höllinn er um 100 m suðvestur af beitarhúsum 005 og um 100 m suður af bakka Norðurár.

Hringlagða náttúrulegur hóll, flatur að ofan. Hann er umflotinn af mjög blautri myri. Hrútakofi var byggður inn í austurhlíð hólsins, norðanmegin og sjást leifar hans sem regluleg dæld, 9x5 m að utan. Dyr á norðurgafli. Uppi á hólnum eru reglulegar dældir sem sennilega eru mannaverk og gætu verið heystæði eða jafnvel leifar af tóftum.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1




SK-223:008 *Selgil* örnefni sel

65°26.773N 18°59.357V

"Rétt utan við beitarhúsin er Fremra-Selgil, næsta gil þar utan við er Ytra-Selgil." segir í örnefnaskrá. Selgilin eru utan við gróðurlendið þar sem beitarhúsin 005 og Þorbrandshaugur 007 eru. Engar tóftir eru í námunda við þau og gróður líttill, en hlíðarnar eru mun brattari við gilin heldur en framan við.

Sennilegast er að gilin séu kennd við sel sem hefur verið þar sem beitarhúsin 005 eru nú.

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1



SK-223:009 *Stekkurinn*


hleðsla stekkur

65°26.368N 19°00.810V

"Stekkjargil er alllangt fyrir utan Ytra-Selgil; milli þeirra gilja uppi eru svonefndar Borgir, sem eru grashjallar með klettabeltum framan í. Utan í Stekkjargilsskriðunni er Stekkurinn; þar er nú fjárrétt." segir í örnefnaskrá. Stekkurinn eða réttin er allhátt uppi í hlíðinni, um 180 m sunnan við bakka Norðurár og um 500 m vestan við beitarhúsabraggann frá Borgargerði, um 750 m vestan við bæ.

Á gróinni skriðu en grjótaumar og -hrúgur eru þó víða á henni og er réttin hlaðin undir einum slíkum. Í kring eru vallgrónar grundir en ofan við að mestu melar.

Grjóthlaðin rétt með eitt óreglulegt hólf sem hefur mátt skipta niður með trégrindum. Dyr eru á norðurvegg undan brekkunni. Þar til



Tóft SK-202b:001, úr suðri.

beggja handa ganga grjótveggir niður hlíðina og mynda kví að réttardyrum - þeir eru um 25 m langir.
Fast ofan við réttina er regluleg dæld sem gæti verið leifar af eldri stekk.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1

SK-223:010 varða landamerki

65°27.345N 18°57.562V

Varða er á vesturbakka gilsins sem skiptir löndum Borgargerðis og Víðivalla (Gulreits), um 50 m ofan við bakka Norðurár. Hún er skáhalt á móts við Stekkjarhöfða í landi Fremri-Kota.

Á grónum skriðubunka. Um 20 m eru frá vörðunni í lækjarfarveginn í gilinu. Hálfrunin varða hlaðin úr stóru grjóti. Um 3 umför standa, illa þó. Nokkuð öruggt má telja að þetta sé landamerkjavarða, og hefur hún verið sett upp til að merkja sjónhendingu úr gilkjaftinum.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SK-202b Gulreitur (Víðivellir)

Víðvallakirkja átti land á Norðurárdal á milli Stóralækjar og Skriðugils, sunnanmegin, á milli afréttarlands (Krákárgerðis) og Borgargerðis. 1318: "Kyrckia á vijdevollum á land j vijk. tekur af. iiij. merkur.... halfa Teiga framm j nordrär ärdal." DI II, 461-462, sbr. 1394 - DI III, 534-535. Þess hefur verið getið til að bærinn Vík hafi verið í Norðurárdal en það verður þó að teljast mjög óvist og teigarnir geta átt við selland Víðivalla yst í afréttinni norðan Norðurár. Þessi landspilda tilheyrir nú afrétti Akrahrepps.


SK-202b:001 tóft

65°27.380N 18°57.269V


Vestarlega á Gulreit, um 210 m austan við gilið sem er á vesturmörkum reitsins og um 60 m ofan við bakka Norðurár er tóft. Lítið lækjargil er fast austan við hana.

Í grasmóá, í aflíðandi halla. Ofan við skiptast á lyngmóar og melar. Framar á Gulreit er votlendi næst árbakkanum og talsverðar slægjur þar. Næst tóftinni er hinsvegar harðlendara.

Tví eða jafnvel þrískipt tóft, heldur óglögg og sjást hvergi dyr á henni. Hún snýr langsum eftir hlíðinni. Hún er heldur stór til að vera heystæði, sennilega sel eða beitarhús og eflaust allgamalt. Ójöfnur eru fast ofan við tóftina sem gætu verið



Hringvegur í Norðurárdal



Bæjarstæði Krókárgerðis SK-224:001, úr suðri. Bæjarrústin er á lekjarbakkanum til hægri en undir brekkunni vinstra megin sér í efstu útihiústóftina í túninu.

eldri leifar.

Hættumat: engin hætta

SK-224 Krákugerði/ Krókárgerði

20 hdr að fornu en aðeins 10 hdr eftir að Hálfdánartunga var byggð. Jörðin heyrði undir Silfrastaði. "Silfrastaðaafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfdánartungum og Krókárgerði." Í eyði síðan 1898. JBS III, 28, 31

SK-224:001 Krókárgerði bæjarstæði býli $65^{\circ}27.567\text{N}$ $18^{\circ}55.246\text{V}$

"Krókárgerði var í byggð fram undir síðustu aldamót. Bærinn stóð í smáhalli utan við Króká, og sjást rústir hans enn." segir í örnefnaskrá. Krókárgerði er um 250 m vestan við Króká, og er allhárt hólraní á milli bæjarstæðisins og Krókárgils. Bærinn er um 400 m sunnan við Norðurá, efst í túni sem nær allhátt upp í hlíðina.

Túnið er þríhyrndur valllendisrimi sem liggur upp í brekkuna milli malarhóla og endar í kverk þar sem tveir lækir koma saman. Sameinaður rennur lækur sá austan við túnið en dæld er einnig milli túnsins og brekkunnar vestan við, sem setur túninu skýr mörk. Mörk túnsins í

norður eru síst skýr en þar rennur það saman við þýfðan grasmóa skammt norðan við neðstu útihúsin og nær hann niður á árbakkann. Rimi gengur þó alllangt niður með læknum að austan. Túnið er slétt á pörtum einkum austast meðfram læknum en norðar og vestar er það smáþýft. Stórbýfi er í túnjaðrinum vestanmegin. Gróðurlendi er lítið í landi Krókárgerðis, mest grasmóar í fjallhlíðum en þó er mjög grösugt engi með bökkum Norðurár í vesturhluta landareignarnanna, en ekki er það stórt.

Efst, raunar rétt utan við sjálft túnið er lítil, 6x5 m tóft, með dyr til suðurs - í átt til fjalls. Norðan við hana er veggstúfur og þar virðast vera eldri leifar undir sverði. Bæjartóftin er um 10 m austar og norðar, þar sem túnið dregst saman í odd. Hún nær alveg út á bakka lækjarins sem rennur austanmeð túninu. Bæjartóftin er heldur óglögg orðin en virðist hafa haft 3 hús fremst, með bæjardyr í miðju og göng inn úr þeim, sem legið hafa til baðstofu innst en úr þeim hefur verið gengið í tvö hús sitt til hvorrar handar milli baðstofu og framhúsa. Austara framhúsið hefur haft eigin dyr fram á hlað. Skammt neðan við bæinn eru tvær tóftir. Sú austari snýr þvert á brekkuna og er tvískipt með þriðja hólfs, sennilega heytóft, við austurenda. Fast vestan við þessa er tóft sem liggur upp í brekkuna og er heldur óglögg, gæti verið tvær tóftir sem runnið hafa saman. Um 20 m neðan við hana er fjárhústóft, tvískipt með hlöðu í suðurenda og dyr á norðurgafli undan brekkunni. Þessar tvær síðastnefndu eru við túnjaðarinna vestanmegin og vestan við þá síðastnefndu er 30-40 m langur túngarður niðri í dældinni vestan við túnið. Þar sem garður þessi endar að neðan gæti hafa verið tóft byggð við hann að utan en þar fyrir neðan verður hann mjög óglöggur. Þar sem garðurinn hverfur alveg er tvískipt tóft í vesturjaðri túnsins, með dyr undan brekkunni á norðurhlið. Uppi á hól suðaustan við hana er lítil tóft með sveigðum veggjum, sýnu ellilegri en aðrar í túninu. Loks er fjárhústóft með hlöðu aftan við neðst í túninu austanmegin og liggur vírgirðing yfir hana. Sú tóft er með garða og hefur verið lítill kofi til hliðar við fjárhúsið vestanmegin. Aflöng bunga er á bakknum við lækinn sem gæti verið leifar af túngarði, frá þessari tóft og alllangt uppeftir. Grjóthleðslur sjást í flestum tóftunum, en þær eru allar orðnar mjög lágar og sjást illa langt frá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Silfrastaðafrétt, 5

SK-224:002 tóft

65°27.610N 18°55.205V

Austan við túnið í Krókárgerði rennur lækur og austan við hann rís melhóll á móts við mitt túnið. Uppi á honum, um 50 m frá túnjaðri, er tóft.

Uppi á melhól skammt frá bæ. Grasmóar eru ofan við en flagmór neðan við. Einfold grjóthlaðin tóft með dyr á norðurgafli. Jarðfastir steinar hafa verið notaðir í veggji.

Hættumat: engin hætta

SK-224:003 garðlag landamerki
65°27.485N

18°56.442V

65 m langur grjótgarður er framan við skriðugilið sem skiptir löndum milli Gulreits Víðivalla og Krókárgerðis. Garðurinn er neðarlega í hlíðinni. Hann byrjar um 30 m ofan við bakkann við Norðurá og liggur nokkuð beint upp hlíðina. Við endann að ofan er ruddur slóði. Garðurinn stefnir á gilkjaftinn og bendir það til að hann sé landamerkjagarður.




Á lynggrónum mel. Fast vestan við hefur án grafið djúpan og breiðan farveg niður í melinn. Algerlega grjóthlaðinn garður, að mestu hruninn. Hefur verið um 1 m á breidd og virðist aldrei hafa náð lengra en hann gerir nú.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SK-225 Hálfdanartungur – afrétt Silfrastaða

1713: "Fornt eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni ... munnmæli segja að það kallað hafi verið X hdr ..." JÁM IX, 153. Getið í Ljósvetninga sögu - ÍF X, 47-49. 1188 galt Guðmundur dýri "lönd tvö fyrir vestan heiði. Annað heitir í Hálfdanartungu en annað að Uppsöllum hið næsta Silfrastöðum." í vígsbætur eftir Hrafn Brandsson - Guðmundar saga dýra, Sturl, 133. "En líklegt má þykja, að jörð þessi hafi verið í ábúð á fyrri oldum. Í Ljósvetninga sögu er getið ábúðar þar og ekki þó virðulega. - Jörðin er komin í ábúð um 1750, en fór aftur í eyði fyrir 1780. - Þegar jörðin byggðist aftur 1813 var hún ekki metin til dýrleika en metin með Silfrastöðum, en eftir 1861 var jörðin kölluð 5 hundr. að dýrleika.

Sami eigandi mun alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfdánartungum, voru því Hálfdánartungur leigujörð, og búendur á Silfrastöðum munu oftast hafa haft umráðarétt jarðarinnar." Hálfdánartungur fóru í eyði 1876. "Afrjetti á jörðin [Silfrastaðir] tvo, annan hálfa Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfa Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnanverða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúanda á Silfrastöðum eður hann eftir gefur þeim tollinn fyrir góðvilja. ... Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili." JÁM IX, 151. "Silfrastaðafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfdánartungum og Krókárgerði." JBS III, 28. 1318: "Kyrckia a myklabæ j Blonduhlijd. ã ... afriett j nordrárdal." DI II, 461. 1395 átti Miklabæjkirkja sem þá var orðin staður " hrijs a auxnadalsheydi. fra fiallsenda fyrer ofuann reydgotur. og framm til Griothryggs til motz vid viðivdovlu. kross land halft fyrer framann valagilsä. og til Seliadalsar. nautarekstur j millum krakuär og kalldbaksar. millum reydsugils og griotär." - DI III, 565-566



SK-225:003 tóft beitarhús

65°27.810N 18°52.418V

"Í Hornsporði sést fyrir tóft. Jón hefur heyrt gamlar sagnir um, að búið hafi verið í Hálfdánartungum á Öxnadalsheiði lengi fram eftir og beitarhús hafi verið þaðan bæði í Horni og Skógarhlíð." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Þjóðvegurinn kemur austur með Krókánni um Skógarhlíð, þar er lyng og fjallgróður og mjög veðursælt, segir í örnefnaskrá. Tóft er framarlega í Skógarhlíð, ágilbakkanum, á næsta nefi vestan við Skógarnef sbr. 004. Tóftin er tæpa 200 m vestan við

kumlið 004.

Á nefi sem gengur út í um 30 m djúpt gljúfur. Vel gróið er í kringum tóftina og er valllendismói á stalli neðst í fjallshlíðinni ofan við tóftina og nær hann yfir 5-6 ha svæði. Nafnið Skógarhlíð bendir til að móarnir og fjallshlíðarnar ofan við hafi áður verið skógi vaxið.

Þrískipt tóft, 15x5 m, en afhýsi eða eldri bygging gengur undan suðurlangvegg um 3 m til suðurs. Þar er skýrt horn vestast en veggurinn verður svo fljóttlega óglöggur eftir því sem austar dregur. Dyr eru hvergi greinilegar. Tóftin er vel gróin og stendur allhátt einsog eldri byggingarstig geti verið undir. Það er sennilega hrein ágiskun að þessi tóft sé beitarhús - og raunar ekki fullvist að átt sé við hana í lýsingunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Silfrastaðafrétt ath og viðb, 1; Ö-Silfrastaðafrétt, 4

SK-225:008 heimild um sel

65°27.952N 18°55.095V

"Víðivellir áttu land heiman við Hrafngil. Þar er selið og aðeins garðbrot í kring." segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Silfrastaðafjalls. "Hlíðin meðfram Norðurá, framan við girðinguna, heitir fullu nafni Krossland, en er í daglegu tali kölluð Land. Hún er klofin af dökku og djúpu gili, Hrafngili. Þar uppi er Efraland, Neðraland niðri við á, en Landsbrekkur á milli. ... Til forna var selstaða á Landinu frá Miklabæ og Víðivöllum." segir í örnefnaskrá. Selið frá Víðivöllum var utar á landi, og sáust til skamms tíma tóftir þess örfáum metrum vestan við pípuhlíðið sem nú er á þjóðveginum áður en hann beygir til suðurs niður að brúnni yfir Norðurá. Tóftirnar voru neðan við veginn en hafa horfið við breikkin hans. Selið hefur verið um 130 m norðan við árbakkann við Norðurá.

Aflíðandi valllendisbrekkur neðst í fjallshlíð, snögggrónar og er mosi í rótinni. Vel gróið bæði framan og utan við.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Silfrastaðafrétt, 2; Ö-Silfrastaðafjall aths og viðb, 1.

SK-225:009 heimild um vað

65°27.934N 18°54.601V

"Hlíðin meðfram Norðurá, framan við girðinguna, heitir fullu nafni Krossland, en er í daglegu tali kölluð Land. Hún er klofin af dökku og djúpu gili, Hrafngili. Þar uppi er Efraland, Neðraland niðri við á, en Landsbrekkur á milli. Vað var áður á Norðurá niður undan Hrafngili." segir í örnefnaskrá. Vaðið mun hafa verið á svípuðum stað og brúin yfir Norður er nú, líklega um 100 m ofar.

Klappir eru í árbotninum á þessum slóðum og gæti það hafa ráðið því að kallað var vað á þessum stað, en viða má fara yfir ána, einkum framan við að Króká fellur í hana. Á þessum slóðum fellur áin í nokkrum kvíslum og eru eyrar á milli. Gróðurtorfur eru á þeim hér og hvar, sem benda til að áin breytist sér ekki mikið.

Heimildir: Ö-Silfrastaðafrétt, 2

SK-226 Fremrikot

16. hr 1695, 1713. Silfrastaðakirkjueign. "Fróðir menn telja, að Fremra-Kot séu sami bærinn og Hökustaðir þeir, sem Landnáma nefnir. I Sturlungu eru Hökustaðir nefndir nokkrum sinnum og virðast þá vera næsta jörð við Öxnadalsheiði, eins og Fremri-Kot eru. Einnig er þess getið í Pétursmálðaga Silfrastaðakirkju um 1394, að kirkjunni hafi verið gefin jörðin Hökustaðir. Hér fyrr er þess getið að Fremri-Kot voru eign Silfrastaðakirkju að fornu fari, og mætti því ætla, að hér væri um sömu jörð að ræða." JBS III, 29-30. 1253: "Þeir Eyjólfur [Þorsteinsson] komu á Hökustaði [af Öxnadalsheiði] og settu þar eftir Þorbjörn arnarunga og mann með honum. Skyldi hann gæta að þaðan væri eigi njósн ger." Íslendinga saga, Sturl., 634. 17.7.1255: "Þeir Þorgils riðu [frá Silfrastöðum] laugardagskveldið upp eftir Norðurárdal og fundust þá flokkarnir. Kom þar Þorvarður og Finnbjörn og Ögmundur með flokk sinn. Fundust þeir hjá Hökustöðum." Þorgils saga skarða, Sturl., 694. 1394: "Ad auk þess gaf Sigurdur kyrkiunni jord á Hokustumodum og Bok sæmili" DI III, 519-520, sjá 006. "Í öllum handritum Landnámu eru bæirnir nefndir Þorbrandsstaðir og Hökustaðir. Og orðalag Landn.: "Við hann (þ.e. Þorbrand örrek) er kend Örreksheiðir upp frá Hökustöðum", sýnir, að Hökustaðir hafa verið austar á dalnum, nær þessari heiði, sem vel gæti verið Kotaheiði, sem svo er nefnd á Uppdr. herforingjaráðsins (þ.e. Heiði hér í lýsingunni). Um heiði upp undan Ytri-Kotum er ekki að ræða, og þar hafa því Þorbrandsstaðir verið. Frásögn Sturl. (III. bl. 278) bendir einnig á, að Hökustaðir hafa verið nær Öxnadalsheiði en Þorbrandsstaðir. Við þessi rök, sem eru fullnægjandi að vísu, má svo bæta almennu álití manna fyrr og síðar, að Fremri-Kot hefði heitið Hökustaðir og Ytri-Kot (Um 1700: Neðri-Kot) Þorbrandsstaðir. Sbr. einnig Jb. 1861. Þetta ættu því ekki að vera lengur nein vafaatriði. ... Hökustaðir eru síðast nefndir, svo fundið verði, árið 1394 (DI, III). Þeir hafa verið gefnir Silfrastaðakirkju, og 1709 er einmitt Fremra-Kot talið eign kirkjunnar, en Ytri-Kot er þá bændaeign sem Þorbrandsstaðir voru áður. En Þorbrandsstaðir eru látnir í jarðaskiptum árið 1455 (DI IV). En um 1700 eru "kotin" komin til sögunnar og eldri nöfnin ekki nefnd. Það liggur í augum uppi, að slík breyting stafar af því, að jarðir þessar hafa eyðst og verið í eyði einn - two - þrjá mannsaldrar; rústirnar kallast þann tíma Kot (sbr. orðið eyðikot), unz það er orðið fast í daglegu máli, þegar jarðirnar byggjast aftur. En orsök til þess hafa verið manndauðaplágurnar á 15. öld, Svartidauði 1402 og plágan mikla 1495, sem eyddu heilar sveitir." Margeir Jónsson í Ö-Fremri-Kot og Ytri-Kot.

1713: "Túnið fordjarfast af skriðum árlega, so til auðnar horfir og mannhætta er í bænum að vera. Engi votlent, so hey barf annarstaðar að þurka." JÁM IX, 153. 1919: Tún 2,3 ha. 6.7.1954: "Fyrsta hlaupið, sem vart varð við á Fremri-Kotum, kom fram úr Gerðisgili, spölkorn utan við bæinn. Ruddist þar fram mikil grjótdyngja yfir veginn og tún, sem var neðan vegarins og alveg niður í Norðurá. Skómmu síðar mun svo önnur stórkriða hafa komið fram úr Bæjargilinu, norður og upp af bænum. Spjó það óhemju magni af grjóti og leir yfir norðanvert túnið, braut niður og sópaði burt 120 kinda fjárhúsi og braggahlöðu á hárrí undirstöðu, er tók 700-800 hesta af heyi. ... Skriðan sveigði þó að mestu hjá íbúðarhúsinu, en fór austan við gamla bæinn, er stendur aðeins austar. Fjósið var austast í bæjarþorpinu og haughús áfast við það. Haughúsið lagði skriðan í rúst, en hrúgaðist upp að fjósinu, svo að nam við þakbrún. ... Í braggahlöðu þeirri, er skriðan tók, voru um 80 hesta heyfyrningar. Urðu þær að nokkru undir rústunum, en sumt reif skriðan með sér, ásamt braki úr húsunum. Skriðan fór svo alveg niður í Norðurá. ... Auk hlaupanna úr þessum tveimur giljum, sem voru þau mestu í kringum Kot, komu skriður hér og þar fram af hjallabruninni upp af bænum, og breiddust þær yfir allt suðurtúnið og myrri er nýlega var framræst með vélgröfnum skurðum, sunnan við túnið. ... Grófust díúpar geilar í hlíðina, og barst óhemja af leir og grjóti þarna niður. Gengu skriður þessar alveg að íbúðarhúsinu, fóru umhverfis benzíngeymi ofan við húsið, svo að dæluhúsið stóð upp úr grjóturðinni. Vatnsból býlisins eyðilagðist og 3/4-4/5 af túninu. Eftir var aðeins lítil blesa fram undan bænum." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 565-67. "Túnaskemmdir urðu mjög miklar. Á Fremri-Kotum var talið að af 8 ha túni hefðu 5.5 ha eyðilagzt og auk þess 5 ha af myrri, sem búið var að ræsa fram til túnræktar." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð' 1, 575. Meira en helmingur túnsins skemmdir dist í skriðuföllum 1954, bæði utan og framan við bæinn. Enn er breiður skriðutaumur hálfgróinn austan við bæjarstæðið, vestan við lækinn úr Bæjargili. Skriðurnar vestanvið hafa hinsvegar verið ræktadar upp. Mýrar austan við Bæjargil voru ræstar fram og gerðar að túnum eftir 1954. Einnig hafa mýrar sem voru neðan við gamla túnið verið ræstar fram og gerðar að túnum.

SK-226:001 *Fremrikot* bæjarhóll bústaður 65°27.360N 18°58.407V

Gamli bærinn stóð þar sem nú er hlaða í bragga um 15 m suðaustan við númerandi íbúðarhús. Sunnan við braggann er steypur grunnur sem átti að verða fjós sem aldrei var byggt. Austan við hann er steypur skúr sem tengdur er bragganum með göngum. Skúrinn var fjós, sem byggt var við gamla bæinn. Hann stóð því vestan við þennan skúr, þar sem nú er fjósgrunnurinn og að hluta undir bragganum. Torfbunki sem eru leifar bæjarins er í kverkinni milli steypuskúrsins og fjósgrunnsins.

Nú byggingar og húsgrunnar. Framan við fjósgrunninn er stór gryfja, en fyrir báðum grunnunum var grafið um 2 m niður.

Bærinn var rifinn um 1970. Á fast við steypurskúrinn sem enn stendur var torffjós og hlöðutóft aftan við það. Næst vestan við fjósið var hlóðaeldhús, þá bæjardyr, svo skáli sem Valdimar Gunnarsson endurbyggði og loks hrútakofi, sem gæti hafa verið hesthús upphaflega. Inn af bæjardyrum voru göng og voru eldhús og bún til beggja handa en baðstofa við endann og hefur hún verið þar sem bragginn er nú. Bæjardyrnar hafa verið því sem næst um miðjan fjósgrunninn. Í hrútakofanum var pláss fyrir 3-4 hesta. Stór öskuhaugur var framan við bæinn. 6.7.1954: "Skriðan sveigði þó að mestu hjá íbúðarhúsinu, en fór austan við gamla bæinn, er stendur aðeins austar. Fjósið var austast í bæjarþorpinu og haughús áfast við það. Haughúsið lagði skriðan í rúst, en hrúgaðist upp að fjósinu, svo að nam við þakbrún." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 565-67.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 565-67.

SK-226:002 heimild um útihús 65°27.347N 18°58.399V

Samkvæmt túnakorti var útihús á hlaðinu, um 10 m SSA við bæinn 001. Engin merki sjást nú um það lengur.

Stór gryfja er framan við fjósgrunninn sem byggður var á bæjarstæðinu og hafa leifar af þessu húsi horfið þar með. Allt svæðið er mikið raskað.

Bygging þessi hefur örugglega verið horfin fyrir 1950 því Valdimar Gunnarsson man ekki eftir henni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919


SK-226:003 heimild um útihús 65°27.310N 18°58.379V

Um 80 SSV af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti. Það hefur verið um 100 m beint suður af númerandi íbúðarhúsi, um 10 m vestan við hlið inn á túnin neðan við bæinn. Þar er nú smáhæð en að öðru leyti sjást ekki ummmerki um þetta hús.

Í túni - skurður er nú rétt ofan við hússtæðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



SK-226:004 *Stekkjarnhöfði* tóft stekkur
65°27.403N 18°57.723V

"... milli Bæjargils og Valagils eru smágil og skorningar. Eitt þeirra heitir Stekkjargil, en þar niður undan gengur Stekkjarnhöfði niður að Norðurá. Þar var fært frá - og enn sést þar greinileg stekkjarrúst." segir í örnefnalyssingu. Stekkjarnhöfði er um 550 m ASA af bæ og um 250 m sunnan við þjóðveg. Hann er greinilegur og áberandi höfði sem gengur fram í ána. Stekkjartóftin er yst á suðurbrún höfðans, fast á bakkanum þar sem höfðinn er hæstur.

Uppi á grasigrónum klettahöfða. Þverhnípt er niður í ána að sunnan en að norðvestan er allbrött brekka niðri í kvos þar sem nú er angí af túninu.

Grjóthlaðin tóft með eitt skýrt hólf og er langhlið þess fast á bakkanum. Dyr eru á suðvesturgafli. Minna hólf og ekki eins skýrt er norðvestanvið og mun það vera króin. Stekkurinn var notaður sem rétt fram yfir miðja 20. öld. Hleðslur eru þó orðnar mjög lágar, mest 4 umför en grjótið er lítið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fremri-Kot, 2

SK-226:005 *Gerði* tóft fjárhús 65°27.207N 18°59.013V

"Á milli Fremri- og Ytri-Kota er stór skriða, sem kölluð er Kotaskriða; upp af henni er stórt gil, Skriðugil. Þessi skriða, svo og gilið, skipta löndunum milli Kotanna. Um miðja vegu milli skriðunnar og Fremri-Kota eru gömul tóptarbrot, rétt ofan við [gamla] veginn; eru þau nefnd Gerði, og gilið, sem





Fjárhústóft á Gerði SK-226:005, úr norðvestri.

er rétt utan við þau, heitir Gerðisgil." segir í örnefnaskrá Ytri- og Fremri-Kota. "ENN sunnar heitir Gerði, eru þar nú aðeins tóftarbrot, en fyrrum útihús frá Kotum og túnblettur umhverfis." segir í örnefnalýsingu Fremri-Kota. Tóftin á Gerði er um 550 m vestan við númerandi íbúðarhús á Fremri-Kotum, um 70 m neðan við þjóðveg og um 40 m austan við Gerðisgil.

Tóftin er austan í vallgróinni skriðu og er allbratt niðuraf. Lækur rennur skammt vestan við. Neðan við voru áður mýrar þar sem nú eru framræst tún. Milli Gerðis og Fremri-Kota eru vallgrónar brekkur, þó sýnu snöggrónari en í kringum Gerðið.

Einföld grjóthlaðin tóft með dyr á suðurgafa. Hleðslur standa allt að 7 umför og eru veggir um 1,5 m þykkir. Byggingin er grafin inn í hlíðina og er öll hin rammgerðasta. Hún var notuð sem hesthús fram yfir miðja 20. öld en áður mun hafa verið fjárhús á þessum stað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ytri-Kot og Fremri-Kot, 1




SK-226:006 tóft fjárhús
 65°27.359N 18°58.310V

Rétt utan við gamla túnið, um 60 m ASA við 002, er fjárhústóft. Hún er um 10 m suðaustan við suðausturhorn á steypum fjárhúsum sem eru austast á bæjarstæðinu. Tóftin er um 120 m neðan við þjóðveg.

Áður rétt utan við tún, nú í jaðri bæjarstæðis. Austan við er hálfgróin skriða frá 1954. A þessum stað voru 3 samþygð fjárhús. Tvö þau austari tók aurflóð sem féll 1954 og raunar féll einnig eystri hluti þekju í vestasta hólfini og austurveggur þess. Hann var hlaðinn upp aftur og þau hús notuð um hríð. Aftan við húsin var hlaða, braggi á steypum grunni, sem skriðan tók einnig. Baðkar var í fjárhúsunum í miðið. Grjóthlaðinn garði er í tóftinni sem eftir er og er steyp plata á honum. Tóftin er sneisafull af rusli. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti að neðan

en torf er ofan á. 6.7.1954: "Spjó [Bæjargilið] óhemju magni af grjóti og leir yfir norðanvert túnið, braut niður og sópaði burt 120 kinda fjárhúsi og braggahlöðu á hárrí undirstöðu, er tók 700-800 hesta af heyi. ... Í braggahlöðu þeirri, er skriðan tók, voru um 80 hesta heyfyrningar. Urðu þær að nokkru undir rústunum, en sumt reif skriðan með sér, ásamt braki úr húsunum." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 565-67.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



SK-226:008 2 tóftir beitarhús

65°27.844N 18°56.921V

"Heyrt hef ég, að Fremri-Kotabærinn hafi fyrrum staðið fram undir Valagili á hól uppi undir Grundarhöfða, en suður (eða austur) af þeim hól gengur höfði sá suður í Valagilið. Þá hefur bærinn heitið Hökustaðir eða Haukagil, líklega þó Hökustaðir, en fyrir þessu hef ég ekki góðar heimildir. Á hól þessum byggði Valdimar faðir minn beitarhús árið 1911, en þau voru rifin niður voru 1924, þegar hann fór frá Kotum." segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við skrána er sagt: "Beitarhús þar löngu áður." Beitarhúsatóftin er um 300 m norðan við þjóðveg upp með Valagili að vestan, um 100 m frá gilbarminum þar sem hann sveigir lengst til vesturs, en um 250 m vestan við Grundarhöfða sem gengur til austurs inn í gilið. Tóftin er heldur lægra í hlíðinni en beint vestur af höfðanum. Önnur minni og eldri tóft er 55 m ofar og ívið vestar.

Næst gilinu að neðanverðu eru berir melar en þá taka við flagmóar. Þar ofan við - vestan og neðan við beitarhúsin - hafa verið votlendismóar og hafa þeir verið ræstir fram en tún þó ekki verið gerð. Ekki er augsýnilegt vatnsból annað en myrarvatn. Beitarhúsatóftin er á hólbrún og hallar talsvert niður af til suðurs.

Beitarhúsatóftin er mjög stór. Hún er aflangt fjárhús, 17x7 m, grjóthlaðið með garða eftir endilöngu og dyr á suðurgafli. Aftan við það og þvert á er hlöðutóft, 12x4 m og virðist hlaðið úr torfi eingöngu - vesturgaflinn vantar í það. Vestan við fjárhúsin er lítt kofi samþygður, 5x3 m, einnig með dyr í suður. Bunga er undir austurvegg hlöðunnar og undir norðurhluta austurveggjar fjárhúsanna og gæti hún verið eldri byggingaleifar. Einnig eru bungur og bogadregin garðhverfa vestan við tóftina sem sennilega eru eldri mannvirki. Efri tóftin er einföld, 7x5 m með dyr vestast á suðurlanghið. Þar sést í stein en annars virðist tóftin torfhlaðin - hleðslur eru útflattar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Kot og Fremri-Kot, 2-5

SK-226:009 *Hesthúshöfði* heimild um hesthus 65°27.263N 18°58.202V

"Á klettahöfða beint niður frá bænum er hálfrunin hústóft og túnblettur í kring. Þarna heitir Litlatún." segir í örnefnaskrá. Höfðinn er kallaður Hesthúshöfði. Þar sást til skamms tíma hesthústóft fast á bakkanum. Höfðinn er um 260 m SSA af bæ. Engin merki sjást lengur um húsið.

Vallgróinn klettahöfði og er á honum kafgras. Núverandi tún ná ekki upp að höfðanum en áður hefur verið lítt túnblettur á honum en myrar í kring.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fremri-Kot, 2

SK-227 Ytrikot (Neðrikot)

20 hrð 1695, 1713. Bændaaign. 1238: Haraldur Sæmundarsson í Odda galt Halldórsstaði á Langholti og Þorbrandsstaði í Norðurárdal fyrir bjargir við Aron Hjörleifsson - Íslendinga saga, Sturl, 401. 29.1.1444: Jarðirnar Egilsá og Þorbrandsstaðir ... liggja j nordaardal j silfrastada kirkiv sokn; DI IV 649. "Í manntalinu 1703 er jörðin nefnd Neðri-Kot, og hélt það nafn á henni í opinberum skjölum fram um 1780. Það ætla ýmsir, að þessi jörð héti til forna Þorbrandsstaðir, sem Landnáma getur um, að væri bústaður Þorbrands örreks, landnámsmanns. Mun jörðin hafa haldið því nafni fram um miðja 15. öld og eru ýmsar getgátur um, hvað nafnbreytingunni hefir valdið." JBS III, 29. Jörðin fór í eyði laust fyrir 1950 og var þá keypt af Valdimar Gunnarssyni á Fremri-Kotum og sameinuð þeirri jörð. "Í öllum handritum Landnámu eru bæirnir nefndir Þorbrandsstaðir og Hökustaðir. Og orðalag Landn.: "Við hann (þ.e. Þorbrand örrek) er kend Örreksheiðir upp frá Hökustöðum", sýnir, að Hökustaðir hafa verið austar á dalnum, nær þessari heiði, sem vel gæti verið Kotaheiði, sem svo er nefnd á Uppdr. herforingjaráðsins (þ.e. Heiði hér í lýsingunni). Um heiði upp undan Ytri-Kotum er ekki að ræða, og



Bæjarstæði Ytrikota SK-227:001, úr suðri. Bærinn stóð á bungunni niðurundan gilinu hægra megin á myndinni.

þar hafa því Þorbrandsstaðir verið. Frásögn Sturl. (III. bl. 278) bendir einnig á, að Hökustaðir hafa verið nær Öxnadalsheiði en Þorbrandsstaðir. Við þessi rök, sem eru fullnægjandi að vísu, má svo bæta almennu áliti manna fyrr og síðar, að Fremri-Kot hefði heitið Hökustaðir og Ytri-Kot (Um 1700: Neðri-Kot) Þorbrandsstaðir. Sbr. einnig Jb. 1861. Þetta ættu því ekki að vera lengur nein vafaatriði. ... Hökustaðir eru síðast nefndir, svo fundið verði, árið 1394 (DI, III). Þeir hafa verið gefnir Silfrastaðakirkju, og 1709 er einmitt Fremra-Kot talið eign kirkjunnar, en Ytra-Kot er þá bændaeign sem Þorbrandsstaðir voru áður. En Þorbrandsstaðir eru látnir í jarðaskiptum árið 1455 (DI IV). En um 1700 eru "kotin" komin til sögunnar og eldri nöfnin ekki nefnd. Það liggur í augum uppi, að slík breyting stafar af því, að jarðir þessar hafa eyðst og verið í eyði einn - two - þrjá mannsaldra;, rústirnar kallast þann tíma Kot (sbr. orðið eyðikot), unz það er orðið fast í daglegu máli, þegar jarðirnar byggjast aftur. En orsök til þess hafa verið manndauðaplágurnar á 15. öld, Svartidauði 1402 og plágan mikla 1495, sem eyddu heilar sveitir." Margeir Jónsson í Ö-Fremri-Kot og Ytri-Kot.

1713: "Túnið spjallast af skriðu. Engi ekkert nema það, sem verður slegið úr úthögum upp um fjallið." JÁM IX, 152. 1919: Tún 3,5 ha. 6.7.1954: "Ytri-Kot voru í eyði. Þar hafði mikil skriða komið niður á túnið norðan bæjarins, umkringt gömul fjárhús úr torfi og grjóti, án þess að raska þeim, og runnið heim undir bæ." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 567. Túnið hefur verið stækkað mikið, einkum til suðausturs og suðvesturs, niður á árbakkana, þar sem áður var myrlendi. Einnig hefur verið ræst fram mýrin ofan við Stekkjarhöfða en þar hafa þó ekki verið gerð tún. Túnið skemmdist mikið í skriðuföllum 1954, einkum austurhluti gamla túnsins og má enn sjá skriðutauma niður með Strangalæk allt niður að Norðurá. Túnin eru ekki lengur nýtt.

SK-227:001 *Ytrikot* bæjarhóll bústaður 65°26.710N 19°00.800V
Bærinn stóð um 50 m neðan við þjóðveg, um 100 m ANA við fjárhúsin sem nú eru einu uppistandandi húsin á Ytri-Kotum. Þar er breið bunga, gömul skriða, algróin. Framanvert á bungunni er hlið á girðingunni meðfram þjóðveginum, sennilega á svipuðum stað og gamla heimreiðin.

Breið hæð efst í túni. Uppi á henni er arfaflag og grasvöxtur lítill, en skepnum er gefið hey á þessum stað. Bærinn hékk uppi í nokkur ár eftir að hann fór í eyði, var m.a. notaður af gangnamönnum. Ein af skriðunum sem fóllu 1954 staðnæmdist aftan við bæinn án þess þó að brjóta hann, en framhúsið var þá tekið niður og jafnað yfir önnur hús með jarðýtu. Engin merki sjást lengur um bæinn, en vera má að mannvistarleifar hafi grafist undir skriðuefni fremur en að þeim hafi öllum verið rutt burt. Í kvos vestan undir hæðinni er hálfringlaga þúst með grjóti í sverði sem gæti verið byggingaleifar sbr. 003.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar



Leifar útihúss SK-227:003, úr suðvestri. Bærinn stóð á bungunni lengst til hægri á myndinni.

Heimildir: Túnakort 1919

SK-227:002 heimild um útihús 65°26.717N 19°00.792V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 10 m norðaustan við bæinn 001. Húsið hefur staðið ofar á sömu bungu og bærinn. Engin merki sjást nú um það.

Í túni - arfi er ríkjandi gróður þar sem hús betta var.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-227:003 þúst útihús 65°26.701N 19°00.844V
Samkvæmt túnakorti var útihús u 10 m norðvestan við bæinn 001. Norðvestan við bunguna sem bærinn stóð á, austast í kvos milli hennar og fjárhúsanna sem enn standa sbr. 010 er hringlaga þúst sem gæti verið leifar af þessu húsi. Hún er um 70 m norðaustur af fjárhúsunum og 40 m neðan við bióðveginn. Í túni.

Hálfhringlaga þúst. Hún er snöggrónari en umhverfið og stendur grjót víða uppúr sverði á henni. Ekkert hleðslulag er þó á því. Þústin gæti verið austurveggur af tóft eða litlu gerði, en sennilega hefur því verið umturnað og ekki er útilokað að um haug eftir jarðýtu sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-227:004 heimild um útihús 65°26.649N 19°00.794V
Um 100 m suður af bæ 001 og 30 m vestar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Það sést einnig á korti ameríkska hersins frá 6. áratug 20. aldar. Það hefur verið um 100 m ASA af fjárhúsi (sbr. 010). Engin merki síast um það lengur.

Í túni. Um 15 m norðaustan við er línd í túninni og rennur lækur frá henni til suðausturs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Hættumat: hælla veglaháði
Haimildir: Túnakort 1919

SK-227:005 heimild um úthús 65°26.622N 19°00.769V
Um 50 m suður af 004 var úthús samkvæmt túnakorti. Það er líka sýnt á korti ameríkska hersins frá 6. áratug 20. aldar. Það hefur verið um 150 m SSA af fjárhúsunum (sbr. 010). Á þessum stað er lágr hóll, snöggrónari en umhverfið.

Í túni.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-227:006 heimild um útihús

65°26.638N 19°00.691V

Samkvæmt túnakorti var útihús 60 m austan við 005 í sömu hæð í túninu. Það er líka sýnt á korti ameríksa hersins frá 6. áratug 20. aldar. Það hefur verið um 140 m SSA við bæinn 001. Engin merki sjást nú um það.

Í túni.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

SK-227:007 Stekkjarchöfði 2 tóftir stekkur


65°26.470N 19°01.274V

"Í landi Ytri-Kota er nokkuð áberandi höfði dálítið út með áni. Hann var nefndur Stekkjarchöfði. Þar var stekkjarbrot." segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru sunnantil í kvos yst á höfðanum um 200 m neðan við þjóðveg. Um 450 m eru frá þessum stað að fjárhúsum á Ytri-Kotum.


Í vallendishvammi á grónum klettahöfða sem gengur út á Norðuráreyrar. Ofan við höfðann er myrlendi sem ræst hefur verið fram þó ekki hafi það verið gert að túni. Á stekknum eru tvær tóftir og er sú vestari grjóthlaðin og greinilega yngri. Hún er með dyr á vesturgaflí og samandregna kró á austurenda. Ekki sést þó milliveggur milli króar og réttar. Frá suðvesturhorni gengur garðlag 9 m til suðurs út á brún höfðans. Hleðslur eru úr flötu hellugrjóti allt að 3 umför. 9 m austan við þessa er önnur minni tóft, einföld. Hún stendur ívið hærra. Á henni sjást ekki dyr. Í kringum hana er kantur, sennilega eftir torfskurð. Sitthvoru megin við garðlagið eru líka reglulegar dældir þar sem torf gæti hafa verið tekið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytra- og Fremra-Kot ath og viðb, I



Hesthústóft SK-227:008, úr norðri. Fjárhústóft SK-227:009 sést neðar í brekkunni til hægri.



SK-227:008 tóft hesthús
 65°26.758N 19°00.706V
 16 m norðaustan við 009 er útihústóft sem ekki er sýnd á túnakorti og hefur hún verið rétt utan við túnið eins og 009. Hún er fast neðan við þjóðveginn og hefur möl úr honum runnið á tóftina.
Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Tvískipt tóft með samhlíða hólfum sem bæði opnast til suðurs, undan brekkunni sem tóftin er grafin inn í. Veggir eru grjóthlaðir að neðan, allt að 5 umför, og hleðsla úr klömbruhnaus ofaná. Hlöðutóft gæti hafa verið aftan við og hefur hún fyllst af möl frá þjóðveginum. Sennilega hesthús. Garði sést meðfram austurlangvegg í eystra hólfinu.



Fjárhústóft SK-227:009, úr norðri.


SK-227:009 tóft fjárhús
 65°26.743N 19°00.712V

Um 160 m austan við fjárhúsin á 010 og 16 m suðvestan við hesthúsið 008 er lítil fjárhústóft. Hún er um 25 m neðan við þjóðveginn, um 10 m austan við Strangalæk.

Í túni, skammt frá lækjarbakka. Áður túnjaðar eða skammt utan túns, hefur þó verið valllendi. Fjallshlíðin tekur við skammt ofan við.

Grjóthlaðin fjárhústóft með garða eftir miðju, grjóthlöðnum. Dyr eru austast á suðurgafla. Hleðslur standa allt að 6 umför og er torf víðast ofan á, en rof er þó komið í það, einkum austanmegin innan í tóftinni. Upp að henni að ofan liggur þykkur skriðubunki frá 1954, hálfgróinn, og gæti hann hafa fyllt þar hlöðutóft. Neðan við tóftina liggur mjótt garðlag nokkra metra niður hlíðina til suðurs.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar





Fjárhús SK-227:010 yst í túni á Ytrikotum – tekið úr ANA, af bæjarhólnum en síðasti bærinn stóð þar sem arfabreiðan er í forgrunni.

SK-227:010 frásogn fjárhús 65°26.665N 19°00.878V
Um 100 m VSV við bæjarhólinn á Ytri-Kotum standa stór fjárhús úr bárujárni með hliðveggjum úr torfi og grjóti. Það er eina byggingin sem nú er uppistandandi á Ytri-Kotum og er hún um 70 m neðan við biðöweg. Eldri fiárhús voru á sama stað og hafa bau verið skammt utan túns.

Áður skammt utan túns, þó sennilega vallendi. Nú í túni en í kringum fjárhúsin er svað og þar hefur verið talsvert rask.


Fjárhúsin sem nú standa eru mjá
Rof er komið í torfveggi húsanna

SK 228 Silfrastad

SK-228 Silfrastaðir
100 hdr 1695, 80 hdr 1713. Bændaeign. Kirkjustaður. Jarðarinnar fyrst getið um 1190: Þar bjó þá Flosi Þóroddsson prestur; Guðmundarsaga dýra, Sturl, 133. 1254: "Brennumenn ríða sunnan að vellinum. Gekk [Geir bóndi] þá vel út snúðigt. Og er hann kom mjög svo að kirkjugarðinum hleypти Hámundur vorbelgur sunnan í túnið. Geir för þá til kirkju og hratt upp kirkjuhurðinni. Hámundur lagði spjóti í því og kom í kirkjuhurðina ... Brennumenn rændu öllu því er þeir fengu höndum á komið en margt var áður í kirkju borið" Íslendingasaga, Sturl, 651. Elsti málðagi Silfrastaðakirkju er frá 1318: Kirkjan átti þá ekki aðra landareign en "Reka a skaga frá LätraTanga og til hamars j sandvijk allt þat er tekur." Þangað áttu 6 bær sókn - DI II, 462. 1344 á Silfrastaðakirkja "reka aa skaga fra latratanga oc til hamarz j sanduic allt ed rekr." Registur Egils DI IV, 11. 1361: [uppreistarprestar hegðuðu sér illa] briotande kistur aa Silfrastodum i heilagre kirkiv grijpandi þar brutt or vijn er bangat hafdi gefist fra Holum; Lögmannsannáll, IA, 278. 1364: Jon byscup ... rak ... syslu uestr i sueitir. toku flestir menn uindr honum nema Sigurðr bonndi aa Silfrastodum; Annálsbrot frá Skálholti, IA, 227. Annar málðagi Silfrastaðakirkju er frá 1394. Þar kemur fram að Sigurðr bóndi hafði gefið "kyrkiunni jord að Hokustodum og Bok sæmiliga." "Item a kyrkia a Sylffrastodum reka a skaga er liggur fra Lärturtanga og til hamars j Sandvijk. a allt þad er rekur huad reka sem er." - DI III 519-520. 25.3.1448: reiknadi Besse Einarsson kirkiunne [á Silfrastöðum] Jordena Egilsä. kunne Jorden echí ad verda kirkiunnar. þa lofadi Bessi ad luka so marga peninga sem Jorden være verd half. en firnefndur Einar Þorleifson lofadi ad sækia nefnda Jord Egilzä eptir vorum laugum [Bessi kaupir Héraðsdal af Einari fyrir hálfa Silfrastaði]; DI V 25. 19.4.1453: Kaupandi jarðarinnar Sigmundur Einarsson "gekk j

borgan at luka kirkiunne a silfrastaudum tolf kugillde er bessi einarsson var skyldygur kirkivne a silfrastodum ... lofade skule loptzson [seljandinn] at luka kirkiunne a silfrastaudum messuserk. slopp ok nytt aklædi engilstz ok at þessu lvktu þa gaf sigmundur einarsson skvla loptzson oldungis kuittan ok akærulausan vm fynd ok porcionem um suo langan tima sem hann atte jordina silfrastadi; DI V 104-105. [1494]: [Páll Brandsson segir í sínu testamenti að hann hafi] tekit med silfrastada kirkju. xij. en þat sem moder [min] uar meira skyldug kirkiunne eigum uit ellendur bader ath suara. fellur þar litit j porcio ein mork edur ix aurar. eru þar sua peningar ef þeir halldazt at kirkian ma fa fulla sæmd en. DI VII, 233. Jörðin einnig nefnd Silfrunastaðir. 1713 eru þrjú eyðibýli á jörðinni Ausugerði, Ketilstaðir og Bessakot. JÁM IX, 151-152. "Afrjetti á jörðin two, annan hálf Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálf Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnanverða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábuanda á Silfrastöðum eður hann eftir gefur þeim tollinn fyrir góðvilja. ... Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili." JÁM IX, 151 "Silfrastaðafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfdánartungum og Krókárgerði." JBS III, 28.

1713: "Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. ... Vatnsuppgángur grandar túninu, kirkjunni og kirkjugarðinum stórlega, en Norðurá enginu. Vatnsból bregðast um vestur og er þá lángt og ilt að sækja. Högunum spilla skriður stórlega." JÁM IX, 150-151 1919. Tún 8 ha, garðar 620 m2.



SK-228:021 *Bessakot* tóft býli
65°25.723N 19°26.340V

"Bessakot heitir hjer í fjárhögum, þar sem nú eru fjárhúsin, þar sjást girðingar og bygðamerki, sýnir nafnið. Enginn minnist þar hafi búið verið, og ekki má hjer aftur byggja nema jörðunni til rýrðar." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1713. "Sel (Bessakot), 90 kinda fjárhús með ca. 90 hesta hlöðu, 4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu. Þar var ca. 30 hesta tún, en auk þess heyjað í Reitnum, stundum allt að 100 hestum." segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir í sömu skrá: "Nokkru framar tekur svo við Ytra-Selgil og Fremra-Selgil, og heitir tungan milli þeirra Seltunga og skriðurnar niður frá þeim Ytri- og Fremri-Selskriða. ... Rétt framan við Fremri-Selskriðu er Selið (stundum nefnt Bessakot)." Tóft á Bessakoti er um 350 m austan við Gömlurétt 035, fast neðan við þjóðveginn framan við Fremri-Selskriðu. Um 20 m suðaustan við tóftina er steyptur grunnur af fjárhúsum.

Neðarlega á gróinni skriðu, en neðan og austan við eru kafloðnar valllendisbrekkur sem ná niður að áreyrunum, sem eru um 100 m neðan við. Valllendið tekur yfir 2-3 ha svæði. Lækur rennur um kvosina um 100 m austan við tóftina.

Stór tvistæð fjárhús með hlöðu aftan við. Veggar eru grjóthlaðnir að neðan, allt að 6 umför, en torf ofaná og eru leifar af því á vesturlangvegg og í norðvesturhorni hlöðu en þar hefur grjóthleðslan verið lægri. Hleðslan þar er úr kvíahaus en í fjárhúsveggnum er strengur. Garðarnir eru grjóthlaðnir, algrónir þó. Fast austan við tóftina er gróin þúst sem gæti verið byggingaleifar en leifar gætu einnig leynst undir sverði í kringum tóftina, bæði vestan og neðan við. Eldri leifar gætu einnig hafa skemmt við gerð fjárhúsgrunnsins en þar hefur verið talsvert rask í kring. Þjóðvegurinn er um 2 m frá hlöðugaflí og geta byggingar hæglega hafa lent undir honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM IX, 152; Ö-Silfrastaðir, 4-5, 8-9

SK-228:024 *Ketilstaðir* kantur býli 65°26.205N 19°02.543V

"Ketelstader. Eyðiból af heimalandi Silfrastaða. Það var byggt úr auðn fyrir vel 40 árum, bygðin varaði um eður undir 20 ár." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1713. "Milli Kotá og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá Norðuráreyrum, Ketilstaðagrundir (eða bara Grundir) og framarlega á þeim eyðibýlið Ketilstaðir, sem áðurnefnd örnefni draga nafn af. Sést óljóst fyrir rústum, enda löngu komið í eyði." segir í örnefnaskrá. Engar tóftir sjást nú á Ketilstaðagrundum og eru einu mannvirkjaleifarnar 52 m langur kantur, sem liggur austur-vestur um 40 m sunnan við þjóðveginn, beint á móti gilinu vestan við Borgargerði. Vesturendi kantsins er greinilega horn og má greina óljóst framhald upp brekkuna til norðurs. Sennilega er þetta leifar af túngarði og hefur þá bæjarrústin þá lent undir veginum, þar sem hann liggur neðst í fjallshlíðinni.



Ketilsstaðagrundir SK-228:024, úr suðaustri. Kanturinn er neðan við veginn fyrir miðri mynd.

1713: "... fyrir meir en 20 árum er það aftur í auðn fallið, og er hjer örvaent aftur að byggja, því túnstæðið er af skriðum eyðilagt." Harðlendar valllendisgrundir neðan við fjallshlíð og niður að á. Bærjarstæðið hefur verið efst á grundunum upp undir fjallshlíðinni og liggur þjóðvegurinn nú yfir það. Votlent er á bletti austantil á því svæði sem túngarðurinn hefur girt. Ketilsstaðagrundir eru annars hið álitlegasta túnstæði.

Beinn kantur, mest um 0,6 m hárr að utan (sunnan) en að innan sést hvergi brún. Ekki er ótvírett að þetta sé garður, en manngert er það örugglega. Guðmundur L. Friðfinnsson telur að bærinn hafi staðið niðri á bökkunum og að þar hafi til skamms tíma sést til byggingaleifa - ekkert sést þar nú.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM IX, 151-152; Ö-Silfrastaðir, 10


SK-228:033 Stekkur tóft stekkur

65°26.009N 19°09.397V

"Stekkjargil upp undan Stekknum (Skeljungshöfða). Neðanvert við það að sunnanverðu er Stekkjarskál. ... Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, Skeljungshöfði (öðru nafni Stekkur; þar var stekkur)." segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er á suðurbrún Skeljungshöfða, uppi á honum vestast. Skeljungshöfði er um 175 m austan við brúna yfir Norðurá og liggur þjóðvegurinn fram Norðurárdal yfir lægðina milli höfða og fjallshlíðar, um 60 m norðan við stekkinn.

Uppi á breiðum höfða sem gengur neðan úr fjallshlíð út á áreyrar. Vallendi og kafgras er á höfðanum, einkum vestanmegin þar sem stekkurinn er, en grónar skriður eru austanmegin. Bratt er niður af höfðanum til suðurs.

Mjög stór stekkjartóft - nágu stór til að vera fjárhús með hlöðu aftan við. Veggir eru þó heldur mjóir til að vera af húsi. Réttin er niðurgrafin um 0,5 m en króin - sem snýr þvert á aftan og norðan við - er mun hærri og lítið sem ekkert niðurgrafin. Réttin er grjóthlaðin að innan og að hluta að utan - a.m.k. á suðurhluta vesturlangveggjar. Grjóthleðslur standa allt að 5 umför og eru úr heldur smáu grjóti. Fast austan við tóftina eru reglulegar dældir á um 20x20 m svæði sem gætu verið eldri byggingaleifar. 1253: "Og er þeir komu til Skeljungsskála [frá Hökustöðum í Norðurárdal] segir Eyjólfur [Þorsteinsson] öllu liðinu að hann ætlar að stefna öllu liðinu til Flugumýrar og sækja Gissur og sonu hans ..." Íslendinga saga, Sturl, 634. Ekki eru neinar heimildir um hvar Skeljungsskáli var, nema af samhenginu sést að hann hefur verið utarlega





Stekkjartóft á Skeljungshöfða SK-228:033, úr austri.


eða utan við Norðurárdal og sennilega sömu megin ár og Hökustaðir, þ.e. norðanmegin. Í Ö-Silfrastaðir, 3 er "Skeljungsstaðir" gefið sem annað nafn á Skeljungshöfða og má vera að það tengist gömlum minnum um byggð á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Silfrastaðir, 8-9; Sturl, 634

SK-228:034 *Skeljungssteinn* náttúrumín draugur 65°26.011N 19°09.307V "Stekkjargil upp undan Stekknum (Skeljungshöfða). Neðanvert við það að sunnanverðu er Stekkjarskál. ... Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, Skeljungshöfði (öðru nafni Stekkur; þar var stekkur). Þar á höfðanum er Skeljungssteinn með 2 sívöllum götum. Þessi Skeljungsnöfn og Grímshóll tengjast þjóðsögunni af Grími Skeljungsbana, en Grímur átti að hafa bundið Skeljung asturgenginn við steinninn á Grímshól, en meðan Grímur fór heim að sækja eld til þess að brenna drauginn, dró hann steinninn fram á Höfða, þar sem hann loks var brenndur." segir í örnefnaskrá. Steinninn er á suðausturhorni Skeljungshöfða, um 100 m austan við stekkinn 033 og um 50 m sunnan við þjóðveginn. Frá steininum eru aðeins um 10 m að brún höfðans, bæði að sunnan og austan. Á norðurhlíð steinsins er bronsskjöldur með nafni hans áletruðu. Á vallgróinni skriðu og standa svipaðir steinar upp úr sverðinum norðaustan við.

Þrístrendur náttúrulegur steinn sem stendur um 1 m upp úr sverði. Tvö göt eru þvert í gegnum steinninn milli norður- og suðurhlíða hans, en han er



Skeljungssteinn SK-228:034, úr norðri.

sýnu lengri á þann veginn en hinn. Bæði götin eru nánast lárétt, og það eystra er mjög jafnslétt og að mestu hringlaga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Silfrastaðir, 8-9

SK-228:035 *Gamlarétt* mannvirki rétt 65°25.736N 19°06.810V


"Fram undan Fremri-Selskriðu er svokölluð Gamlarétt, sem var skilarétt hreppsins fram um 1920. Var hún öll hlaðin úr grjóti, sem þarna er nóg af, en nú stendur aðeins efri dilkaröðin eftir, en Norðurá hefir brotið bakkann, svo að almenningur og neðri diklaröðin er horfin." segir í örnefnaskrá. Réttin er um 50 m neðan við þjóðveg, á móts við fjárhúsbragga Flatatungumegin árinnar. Lækurinn á Fremri-Selskriðu er um 200 m austar.

Neðst í vallgróinni en skriðurunninni fjallshlíð, fast á háum árbakka og hefur meirihluta réttarinnar brotið af ánni. Bakkinn er um 5 m hárr. Sá hluti réttarinnar sem horfinn er, hefur verið á meira jafnlendi - ekki í eins miklum halla - og nyrsti hlutinn, ef dæma má af valllendistungu sem gengur fram á eyrarnar undan Fremri-Selskriðu.


Stór grjóthlaðin rétt og er aðeins nyrðri dilkaröðin eftir, en almenningur og neðri dilkaröð eru horfin. Vestantil eru 5 stórir dilkar, allir um 20 m langir og á bilinu 6-11 m breiðir. Þeir hafa allir dyr sem leitt hafa inn í almenninginn en aðeins miðdilkurinn er með dyraop til norðurs. Á austurendanum eru tveir minni dilkar, hvor af annars enda. Milliveggurinn milli dilka og almennings stendur enn, nema fyrir tveimur austustu dilkunum þar sem hann hefur hrunið niður bakkann - undirstöður hans sjást þó enn. Skriður hafa runnið á réttina, bæði á norðvestur og norðausturhorn hennar og eru hleðslurnar þar skemmdar, einkum á vesturhorninu. Hleðslurnar standa að öðru leyti að mestu enn þó sumstaðar sé byrjað að hrynda úr þeim. Þær eru víðast um 1,5 m háar og eru veggirnir grjóthlaðir í gegn, um 1 m þykkir.

Hættumat: hætta vegna landbrots

Heimildir: Ö-Silfrastaðir, 9; Friðrik Hallgrímsson: Súlur II, 174



Beitarhús SK-228:036 á Gvendarnesi, úr austri.



SK-228:036 tóft beitarhús
65°25.717N 19°02.813V

"Stutt framan Garðsgils gengur Gvendarnes fram í eyrarnar. Þar voru beitarhús áður fyrr og sér greinilega fyrir húsatóftum." segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er fremst á Gvendarnesi, sem er lágor höfði sem gengur fram á eyrarnar, heimantil á móts við fjárhúsbragga í úthögum frá Egilsá. Tóftin er um 170 m sunnan við þjóðveg og um 5 m sunnan við þann syðri af tveimur malarslóðum sem liggja út á nesið. Frá téflinni eru um 60 m suður að Norðurá. Hún er svotil á miðju nesinu þannig að jafnlangt er í ána bæði til austurs og vesturs.

Á sléttu vallgrónu nesi sem gengur út á áreyrar. Mjög stór tvískipt tóft með lágum grjóthlöðnum veggjum. Tóftin hefur óvenjulegt lag af beitarhúsi að vera og mætti fremur halda að

húsunum hafi verið breytt í rétt. Eldri veggur virðist ganga undan austanmegin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Silfrastaðir, 9

5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Eins og fram kemur í Inngangi hafa verið reiknuð sex mismunandi vegarstæði í Norðurárdal og eru þau auðkennd A, B, C, D, E og F. Vísast til greinargerðar Vegagerðarinnar á Akureyri um legu þeirra. Hér verður aðeins lýst þeim minjum sem lenda í mögulegum vegarstæðum eða svo nálægt þeim að hætta getur talist á að þær raskist við skeringar eða umferð vinnuvéla. Hefst lýsingin vestanmegin í dalnum.

Veglína A. Núverandi vegur og veglína A liggja um ofanverðan Skeljungshöfða en á honum eru tveir minjastaðir, **stekkur** SK-228:033 og **Skeljungssteinn** SK-228:034. Þeir eru báðir framantil á höfðanum og eiga ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Framan við Ytra Selgil liggur veglínan niður á eyrarnar – þar sem engar minjar eru – þar til hún fer yfir Gvendarnes. Á því er **beitarhús** SK-228:036, um 100 m sunnan við áætlað vegarstæði og því ekki í uppnámi.

Veglínan liggur þessu næst yfir Ketilsstaðagrundir, sem er 2-3 ha valllendisblettur fast utan við Kotá. Þar var býlið Ketilsstaðir en ekki er vitað um staðsetningu þess. Einu minjarnar sem sjást á yfirborði er kantur, sennilega leifar af vallargarði skammt neðan við núverandi veg sem á þessum slóðum er á mikilli uppfylingu. Hugsanlegt er því að **Ketilsstaðir** SK-228:024 hafi lent undir núverandi veki. Guðmundur L. Friðfinnsson á Egilsá telur hinsvegar að bærinn hafi staðið niðri á bökkunum og eru leifar hans þá annaðhvort horfnar vegna landbrots Norðurár eða skriðum orpnar. Hvort heldur sem eru Ketilsstaðagrundir viðkvæmt svæði og verða að teljast miklar líkur á að þar geti fornleifar leynst undir sverði. Jarðvegsþykknun er lítil á þessu svæði og gætu fornleifar því leynst skammt undir grásrót og gæti því lítið þurft til að þær skemmdust við rask.

Innan við Kotá liggur línan upp á hið forna tún í Ytrikotum og fer yfir **bæjarhólinn** SK-227:001 og **útihússtæði** við hann, SK-227:002-003, og einnig yfir tvær **útihústóftir** sem enn sjást í austurjaðri hins forna túns, SK-227:008 og SK-227:009. Eins og á Borgargerði og Ketilsstaðagrundum verða að teljast miklar líkur á að óþekktar fornleifar komi í ljós við rask í túninu á Ytrikotum.

Næst liggur veglínan yfir efsta hlutann í gömlum túnbaleðli á **Gerði** SK-226:005, en þó að sama gildi þar og um önnur forn tún, þá verða að teljast litlar líkur á að fornleifar leynist þar enda svæðið mikið raskað af eldri vegagerð og skriðuföllum.

Austan við þennan stað fer veglínan hvergi nærri fornleifum sem vitað er um.

Veglína B. Utan við Skeljungshöfða liggur veglína B niður á eyrarnar – þar sem engar minjar eru – þar til hún fer yfir Gvendarnes. Á því er **beitarhús** SK-228:036, um 100 m sunnan við áætlað vegarstæði og því ekki í uppnámi.

Veglínan liggur þessu næst yfir Ketilsstaðagrundir, sem er 2-3 ha valllendisblettur fast utan við Kotá. Þar var býlið Ketilsstaðir en ekki er vitað um staðsetningu þess. Einu minjarnar sem sjást á yfirborði er kantur, sennilega leifar af vallargarði skammt neðan við núverandi veg sem á þessum slóðum er á mikilli uppfylingu. Hugsanlegt er því að **Ketilsstaðir** SK-228:024 hafi lent undir núverandi veki. Guðmundur L. Friðfinnsson á Egilsá telur hinsvegar að bærinn hafi staðið niðri á bökkunum og eru leifar hans þá annaðhvort horfnar vegna landbrots Norðurár eða skriðum orpnar. Hvort heldur sem er eru Ketilsstaðagrundir viðkvæmt svæði og verða að teljast miklar líkur á að þar geti fornleifar leynst undir sverði. Jarðvegsþykknun er lítil á þessu svæði og gætu fornleifar því leynst skammt undir grásrót og gæti því lítið þurft til að þær skemmdust við rask.

Framan við Kotá liggur línan upp á hið forna tún í Ytrikotum og fer yfir **bæjarhólinn** SK-227:001 og **útihússtæði** við hann, SK-227:002-003, og einnig yfir tvær **útihústóftir** sem enn sjást í austurjaðri hins forna túns, SK-227:008 og SK-227:009. Eins og á Borgargerði og Ketilsstaðagrundum verða að teljast miklar líkur á að óþekktar fornleifar komi í ljós við rask í túninu á Ytrikotum.

Næst liggur veglínan yfir efsta hlutann í gömlum túnbleðli á **Gerði** SK-226:005, en þó að sama gildi þar og um önnur forn tún, þá verða að teljast litlar líkur á að fornleifar leynist þar enda svæðið mikið raskað af eldri vegagerð og skriðuföllum. Austan við þennan stað fer veglínan hvergi nærri fornleifum sem vitað er um.

Veglína C. Veglína C liggur neðan við Skeljungshöfða, eins og veglína B, en á honum eru tveir minjastaðir, **stekkur** SK-228:033 og **Skeljungssteinn** SK-228:034. Þeir eru báðir framtil á höfðanum og eiga ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Framan við Ytra Selgil liggur veglínan niður á eyrarnar – þar sem engar minjar eru – þar til hún fer yfir Gvendarnes. Á því er **beitarhús** SK-228:036, um 100 m sunnan við áætlað vegarstæði og því ekki í uppnámi.

Veglínan liggur þessu næst yfir Ketilsstaðagrundir, sem er 2-3 ha

valllendisblettur fast utan við Kotá. Þar var býlið Ketilsstaðir en ekki er vitað um staðsetningu þess. Einu minjarnar sem sjást á yfirborði er kantur, sennilega leifar af vallargarði skammt neðan við núverandi veg sem sem á þessum slóðum er á mikilli uppfyllingu. Hugsanlegt er því að **Ketilsstaðir** SK-228:024 hafi lent undir núverandi vedi. Guðmundur L. Friðfinnsson á Egilsá telur hinsvegar að bærinn hafi staðið niðri á bökkunum og eru leifar hans þá annaðhvort horfnar vegna landbrots Norðurár eða skriðum orpnar. Hvort heldur sem er eru Ketilsstaðagrundir viðkvæmt svæði og verða að teljast miklar líkur á að þar geti fornleifar leynst undir sverði. Jarðvegsþykknun er lítil á þessu svæði og gætu fornleifar því leynst skammt undir grásrót og gæti því lítið þurft til að þær skemmdust við rask.

Framan við Kotá liggur línan um neðsta hluta hins forn túns á Ytrikotum og þar lenda **útihússtæði** SK-227:005 og SK-227:006 í uppnámi. Eins og á Borgargerði og Ketilsstaðagrundum verða að teljast miklar líkur á að óþekktar fornleifar komi í ljós við rask í túninu á Ytrikotum.

Veglína C liggur yfir Norðurá hjá Flathöfða en við Skriðugil liggur hún beint yfir **landamerkjavörðu** SK-223:010 vestanmegin við gilið.

Á Gulreit milli Skriðugils og Stóralækjar liggur veglínan fast upp við einu **tóftina** á svæðinu, SK-202b:001. Sú tóft er mjög fornleg og gæti verið sel frá Víðvöllum sem áttu reitinn eða jafnvel fornþýli. Á austurbakka Stóralækjar liggja veglínur þessar yfir grjóthlaðinn **landamerkjagarð**, SK-224:003. Línan liggur svo 100-150 m neðan við neðsta hluta túnsins í **Krókárgerði** SK-224:001, og er mikilsvert að þess verði gætt að framkvæmdirnar raski hvergi við þeim leifum. Guðmundur L. Friðfinnsson telur að rústir eyðibýlisins Víkur hafi sést á bökkunum niður og vestur frá Krókárgerði um 1970. Þar sjást nú engar minjar en þær gætu þó vel leynst þar í stórpýfi og gætu komið í ljós við jarðrask.

Veglína D. Framan við Stóralæk er gert ráð fyrir enn einu tilbrigði, veglínus D (sem fylgir veglínus C þar utan við) og fer hún hvergi nálægt fornleifum, en grjótþyrgi sem er úti á höfðanum austanmegin þar sem áin beygir til norðurs er skotþyrgi frá 20. öld.

Veglína E. Veglína E liggur neðan við Skeljungshöfða, eins og veglínur B og C, en á honum eru tveir minjastaðir, **stekkur** SK-228:033 og **Skeljungssteinn** SK-228:034. Þeir eru báðir framantil á höfðanum og eiga ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Framan við Ytra Selgil liggur veglínan niður á eyrarnar – þar sem

engar minjar eru – þar til hún fer yfir Gvendarnes. Á því er **beitarhús** SK-228:036, um 100 m sunnan við áætlað vendarstæði og því ekki í uppnámi.

Veglínan liggur þessu næst yfir Ketilsstaðagrundir, sem er 2-3 ha valllendisblettur fast utan við Kotá. Þar var býlið Ketilsstaðir en ekki er vitað um staðsetningu þess. Einu minjarnar sem sjást á yfirborði er kantur, sennilega leifar af vallargarði skammt neðan við núverandi veg sem á þessum slóðum er á mikilli uppfylingu. Hugsanlegt er því að **Ketilsstaðir** SK-228:024 hafi lent undir núverandi vegi. Guðmundur L. Friðfinnsson á Egilsá telur hinsvegar að bærinn hafi staðið niðri á bökkunum og eru leifar hans þá annaðhvort horfnar vegna landbrots Norðurár eða skriðum orpnar. Hvort heldur sem er eru Ketilsstaðagrundir viðkvæmt svæði og verða að teljast miklar líkur á að þar geti fornleifar leynst undir sverði. Jarðvegsþykknun er lítil á þessu svæði og gætu fornleifar því leynst skammt undir grasrót og gæti því lítið þurft til að þær skemmdust við rask.

Framan við Kotá liggur línan um neðsta hluta hins forn túns á Ytrikotum og þar lenda **útihússtæði** SK-227:005 og SK-227:006 í uppnámi. Eins og á Borgargerði og Ketilsstaðagrundum verða að teljast miklar líkur á að óþekktar fornleifar komi í ljós við rask í túninu á Ytrikotum.

Veglína E liggur yfir Norðurá framan við Skriðugil. Á suðurbakkanum er vendarstæðið fast upp við **Porbrandshaug** (öðru nafni **Örrekshól**) SK-223:007. Höllinn er þjóðsögustaður – meintur legstaður landnámsmannsins í dalnum – en á honum er einnig tóft, sennilega fleiri en ein. Tæpa 100 m norðan við veglinuna er **beitarhús** SK-223:005 á miklum rústahól, sem ekki ætti að vera í hættu ef varlega er farið. Veglinan liggur næst beint yfir **landamerkjavörðu** SK-223:010 vestanmegin við gil sem einnig heitir Skriðugil.

Á Gulreit milli Skriðugils og Stóralækjar liggur veglinan fast upp við einu **tóftina** á svæðinu, SK-202b:001. Sú tóft er mjög fornleg og gæti verið sel frá Viðvöllum, sem áttu reitinn, eða jafnvel fornþýli. Á austurbakka Stóralækjar liggja veglinur þessar yfir grjóthlaðinn **landamerkjagarð**, SK-224:003. Línan liggur svo 100-150 m neðan við neðsta hluta túnsins í **Krókárgerði** SK-224:001, og er mikilsvert að þess verði gætt að framkvæmdirnar raski hvergi við þeim leifum. Guðmundur L. Friðfinnsson telur að rústir eyðibýlisins Víkur hafi sést á bökkunum niður og vestur frá Krókárgerði um 1970. Þar sjást nú engar minjar en þær gætu þó vel leynst þar í stórbýfi og gætu komið í ljós við jarðrask.

Veglína F. Veglína F liggur af eyrunum sunnan við Norðurá upp í hlíðina rétt utan við Stekkjarhvamm á móts við Gvendarnes og liggur þar á milli Stekkjarhöfða SK-222:014, sem er **þjóðsögustaður**, og **beitarhúsa** á Stekkjarhól SK-222:013 og á hvorugur staðurinn að vera í hættu vegna framkvæmdanna.

Fast utan við Kotá liggur veglína F yfir efri hluta túnsins í **Borgargerði** SK-223:001-004. Þar er vitað um þrjú útihús auk bæjarstæðisins og er eitt þeirra SK-223:004, nánast undir veglínunni, en auk þeirra gætu víða leynst minjar í túninu. Í því hefur verið mun meiri jarðvegsþykknun en á Ketilsstaðagrundum.

Línan liggur þessu næst sunnan við **Örrekshól/Porbrandshaug** SK-223:007. Hóllinn er þjóðsögustaður – meintur legstaður landnámsmannsins í dalnum – en á honum er einnig tóft, sennilega fleiri en ein.

Við Skriðugil (sunnan Norðurár) liggur veglína F beint yfir **landamerkjavörðu** SK-223:010 vestanmegin við gilið.

Á Gulreit milli Skriðugils og Stóralækjar liggur veglínan fast upp við einu **tóftina** á svæðinu, SK-202b:001. Sú tóft er mjög fornleg og gæti verið sel frá Viðvöllum sem áttu reitinn eða jafnvel fornþýli. Á austurbakka Stóralækjar liggja veglínur þessar yfir grjóthlaðinn **landamerkjagarð**, SK-224:003. Línan liggur svo 100-150 m neðan við neðsta hluta túnsins í **Krókárgerði** SK-224:001, og er mikilsvert að þess verði gætt að framkvæmdirnar raski hvergi við þeim leifum. Guðmundur L. Friðfinnsson telur að rústir eyðibýlisins Víkur hafi sést á bökkunum niður og vestur frá Krókárgerði um 1970. Þar sjást nú engar minjar en þær gætu þó vel leynst þar í stórpýfi og gætu komið í ljós við jarðrask.

6. kafli. Niðurstæða - Tillaga um aðgerðir

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa áhrif á fornleifar, sama hvaða veglína verður fyrir valinu. Hér að neðan eru lagðar til tillögur um aðgerðir sem grípa þarf til við hverja veglínus. Mismunandi aðgerðir eru mögulegar.

- Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að merkja minjastaði sem eru nálægt veglínum, en lenda ekki í þeim. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Í öðru lagi má víða hnika til veglínum án mikils tilkostnaðar til að forða fornleifum frá hnjaski.
- Í þriðja lagi eru viðkvæm svæði sem þarf að vakta á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð, gera skeringar o.þ.h. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegaðstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- Í fjórða lagi getur rannsókn verið nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Til þess þarf úrskurð Þjóðminjasafns og leyfi fornleifanefndar.
- Í fimmta lagi má sækja um til fornleifanefndar að fornleifar verði huldar án þess að rannsókn fari fram á undan. Þetta kemur því aðeins til greina að tryggt sé að fornleifarnar skemmist ekki, að þær séu mældar upp nákvæmlega fyrst og að þær teljist ekki svo áhugaverðar að rannsókn sé nauðsynleg.

Veglína A.

- Merkja **Stekk** SK-228:033, **Skeljungsstein** SK-228:034, **beitarhús** á Gvendarnesi SK-228:036 og **Gerði** SK-226:005.
- Hnika til vegaðstæði svo það liggi ekki yfir bæjarstæði **Ytrikota** og útihús í túninu (SK-227:001-003, 008-009). Reynist það ekki mögulegt þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um hvort nauðsynlegt er að rannsaka minjarnar eða hvort það megi hylja þær. Rannsókn á bæjarstæði Ytrikota yrði mjög

kostnaðarsöm. Svo fremi að veglínan verði ekki beinlínis sett á núverandi veg þarf í öllu falli að vakta framkvæmdir í túni Ytrikota.

- Vakta framkvæmdir á **Ketilsstaðagrundum** SK-228:024

Veglína B.

- Merkja **beitarhús** á Gvendarnesi SK-228:036 og **Gerði** SK-226:005.
- Hnika til vegaþtæði svo það liggi ekki yfir bæjarstæði **Ytrikota** og útihús í túninu (SK-227:001-003, 008-009). Reynist það ekki mögulegt þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um hvort nauðsynlegt er að rannsaka minjarnar eða hvort það megi hylja þær. Rannsókn á bæjarstæði Ytrikota yrði mjög kostnaðarsöm. Svo fremi að veglínan verði ekki beinlínis sett á núverandi veg þarf í öllu falli að vakta framkvæmdir í túni Ytrikota.
- Vakta framkvæmdir á **Ketilsstaðagrundum** SK-228:024

Veglína C.

- Merkja **Stekk** SK-228:033, **Skeljungsstein** SK-228:034 og **beitarhús** á Gvendarnesi SK-228:036.
- Vakta framkvæmdir á **Ketilsstaðagrundum** SK-228:024
- Hnika vegaþtæði til suðurs svo það liggi ekki yfir **útihússtæði** (SK-227:005-006) í túni Ytrikota, en ella sækja um úrskurð Þjóðminjasafns um hvort rannsaka þurfi staðinn.
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki yfir **vörðu** SK-223:010
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki eins nálægt **tóft** SK-202b:001 og verði syðri vegkantur a.m.k. 20m norðan við tóftina. Hana þarf að merkja vel. Ef ekki er hægt að hnika til veglínus þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um hvort rannsaka þarf tóftina.
- Sækja um leyfi fornleifanefndar til að hylja hluta **landamerkjagarðs** SK-224:003 enda sé tryggt að hluti hans verði varðveittur og þarf að merkja þann part vel áður en framkvæmdir hefjast.
- Vakta framkvæmdir á bökkunum neðan við Krókárgerði og vestur að næsta gili.
- Merkja neðri mörk túns í **Krókárgerði** SK-224:001

Veglína D.

- Allar sömu aðgerðir eru nauðsynlegar og við veglínus C.

Veglína E.

- Merkja **Stekk** SK-228:033, **Skeljungsstein** SK-228:034 og **beitarhús** á Gvendarnesi SK-228:036.
- Vakta framkvæmdir á **Ketilsstaðagrundum** SK-228:024
- Hnika vegarstæði til suðurs svo það liggi ekki yfir **útihússtæði** (SK-227:005-006) í túni Ytrikota, en ella sækja um úrskurð Þjóðminjasafns um hvort rannsaka þurfi staðinn.
- Hnika veglínus til norðurs svo hún liggi ekki eins nálægt **Þorbrandshaugi/Örrekshól** SK-223:007 og merkja hann.
- Merkja **beitarhús** SK-223:005
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki yfir **vörðu** SK-223:010
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki eins nálægt **tóft** SK-202b:001 og verði syðri vegkantur a.m.k. 20m norðan við tóftina. Hana þarf að merkja vel. Ef ekki er hægt að hnika til veglínus þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um hvort rannsaka þarf tóftina.
- Sækja um leyfi fornleifanefndar til að hylja hluta **landamerkjagarðs** SK-224:003 enda sé tryggt að hluti hans verði varðveisittur og þarf að merkja þann part vel áður en framkvæmdir hefjast.
- Vakta framkvæmdir á bökkunum neðan við Krókárgerði og vestur að næsta gili.
- Merkja neðri mörk túns í **Krókárgerði** SK-224:001

Veglína F.

- Merkja **Stekkjarhöfða** SK-222:014 og **beitarhús** á Stekkjarrhl SK-222:013
- Hnika veglínus til suðurs svo hún liggi ekki um tún í Borgargerði og ekki yfir **útihústóft** SK-223:004. Að öðrum kosti þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um hvort rannsóknar sé þörf.
- Merkja **Þorbrandshaug/Örrekshól** SK-223:007.
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki yfir **vörðu** SK-223:010
- Hnika til veglínus svo hún liggi ekki eins nálægt **tóft** SK-202b:001 og verði syðri vegkantur a.m.k. 20m norðan við tóftina. Hana þarf að merkja vel. Ef ekki er hægt að hnika til veglínus þarf að fá úrskurð Þjóðminjasafns um

hvort rannsaka þarf tóftina.

- Sækja um leyfi fornleifanefndar til að hylja hluta **landamerkjagarðs SK-224:003** enda sé tryggt að hluti hans verði varðveittur og þarf að merkja þann part vel áður en framkvæmdir hefjast.
- Vakta framkvæmdir á bökkunum neðan við Krókárgerði og vestur að næsta gili.
- Merkja neðri mörk túns í **Krókárgerði SK-224:001**

7. kafli. *Heimildaskrá*

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, Lund 1967.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv.

1853-1976.

Friðrik Hallgrímsson: “Silfrastaðafjall” *Súlur* II, 172-178.

ÍF: Íslenzk fornrit, Rv 1933-.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv.

1990.

JBS III *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. Ásamt skrá yfir opinbera starfsmenn o. fl. 1700-1958* III bindi [Skagfísk fræði XI] [án útgáfust.] 1949-1959

Kristján Eldjárn. “Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1965, 5-68.

Ólafur Jónsson: *Skriðuföll og snjóflóð* I-II, Akureyri 1957.

Sturl.: *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv 1988.

Ö-Borgargerði: Örnefnaskrá Borgargerðis. Margeir Jónsson skráði.

Örnefnastofnun.

Ö-Egilsá ath og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Egilsár.

Guðmundur L. Friðfinnsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Egilsá: Örnefnaskrá Egilsár. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Flatatunga, landamerki: Landamerkjaská Flötutungu. Örnefnastofnun.

Ö-Flatatunga: Örnefnaskrá Flötutungu. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Fremri-Kot: Örnefnaskrá Fremri-Kots. Frímann Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Silfrastaðafrétt: Örnefnaskrá Silfrastaðaafréttar. Nanna Rögnvaldsdóttir skráði.
Örnefnastofnun.

Ö-Silfrastaðir ath og viðb: Athugaemdir og viðbætur við örnefnaskrá Silfrastaða.

Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Silfrastaðir: Örnefnaskrá Silfrastaða. Jóhannes Lárus Jóhannesson skráði.
Örnefnastofnun.

Ö-Silfrastaðirafrétt ath og viðb: Athugaemdir og viðbætur við örnefnaskrá Silfrastaðaafréttar. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun.


Ö-Tungukot: Örnefnaskrá Tungukots. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun.


Ö-Ytri- og Fremri-Kot ath og viðb: Athugasemdir við örnefnaskrá Ytri- og Fremri-Kots. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ytri-Kot og Fremri-Kot: Örnefnaskrá Ytri- og Fremri-Kots. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun.


Yfirlitskort


- skipting landareigna í Norðurárdal á 19. öld








1:10.000











1:10.00